

SKÓLAVARÐAN

5. tbl. 8. árg. september 2008

Málgagn Kennarasambands Íslands



HVAMMUR – FORYSTUSKÓLI Í MARKVISSRI MÁLÖRVUN

AÐ HEFJA NÁM Í FRAMHALDSSKÓLA

SÖNGLEIKJAHALD Í GRUNDASKÓLA

Endurvinnsla er hjartans mál

SORPA býður upp á fræðsluferðir fyrir grunnskóla og leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Markmið fræðslunnar er að nemendurnir kynnist því hvað verður um ruslið þeirra. Fjallað er um endurvinnslu og það hvernig hver og einn getur haft áhrif á umhverfið til góðs með því að **flokka og skila**.

- Tekið er á móti allt að 30 nemendum í einu.
- Hægt er að panta ferðir klukkan 9.00 á morgnana og klukkan 13.00 eftir hádegi. Ferðin tekur um klukkustund.
- Nemendur koma með rútu, sem skólinn útvegar, á skrifstofu SORPU í Gufunesi.
- Nánari upplýsingar um fræðsluna og pantanir er að finna á www.sorpa.is.



Þarna var komin Bella Kassína eins og hún kynnti sig um leið og hún heilsaði honum með handabandi. Þeim varð strax vel til vana og einhvern veginn leið Sebastíani betur, nú þegar hann hafði fundið sér ferðafélaga. Bella Kassína sagðist vera kassi utan af nýrri brauðrist en hafa verið svo heppin að lenda hjá umhverfisvænni

fjölskyldu sem hefði ákveðið að senda hana til endurvinnslu. Þau voru í hrókasamræðum þegar allt fór að skjálfa og hristast.

Brot úr bókinni Ævintýri Sebastíans Kassmanns sem er aðgengileg ásamt öðru fræðsluefni, leikjum og fleiru á www.sorpa.is.

Formaður og varaformaður KÍ og formenn aðildarfélaganna KÍ skiptast á um að skrifa formannspistla í Skólavörðuna. Félögin á bak við formannspistlana eru: Félag framhaldsskólakennara (FF), Félag grunnskólakennara (FG), Félag leikskólakennara (FL), Félag stjórnenda í framhaldsskólum (FS), Félag tónlistarskólakennara (FT), Skólastjórafélag Íslands (SÍ).



Ljósmynd: Salbjörg Jónsdóttir

Aðalheiður Steingrimsdóttir
Formaður FF

Kennaralaun og skólastarf

Fjögur félög Kennarasambandsins eru búin að endurnýja kjarasamninga sína; kennarar og skólastjórar í grunnskólum sl. vor, kennarar og stjórnendur í framhaldsskólum fyrr í sumar. Kjarasamningar félagsmanna í leikskólum og tónlistarskólum losna á næstunni.

Launin gera þó ekki betur en að halda í við verðbólguna og vart um raunhækkun launa að ræða. Þetta kom glögglega fram í fróðlegu erindi sem Oddur S. Jakobsson fulltrúi FF og starfsmaður KÍ hélt fyrir skömmu á fundi um þróun kaupmáttar á samningstímanum. Staðan og horfurnar framundan eru ekki bjartar.

Mikil slagsíða kom fram í launaþróun félagsmanna í framhaldsskólum á síðasta samningstíma og munur á meðaldagvinnulaunum þeirra og viðmiðunarhópa var verulegur. Hann hefur ekki verið leiðréttur. Hagræðing hefur orðið í framhaldsskólum á liðnum árum þar sem nemendum hefur fjölgað langt umfram fjölgun kennara. Haggræðingin kemur fram í bættri rekstrarafkomu flestra skóla en ekki í bættum kjörum starfsfólks. Þetta er ekki í samræmi við vilja samningsaðila og markmið kjarasamnings um að laun þróist með svipuðum hætti og viðmiðunarhópa. Í svari menntamálaráðuneytis við spurningum FF í aðdraganda síðustu samninga kemur fram að það hafi verið sameiginlegur skilningur ráðuneyta, sem starfa samkvæmt stefnu ríkisstjórnar um árangurstjórnun, að stofnanir sem sköpuðu sér rekstrarafgang notuðu þann ávinning til bættra kjara starfsmanna, ekki síður en til bættrar aðstöðu þeirra og nemenda. Almenn þykir það eðlilegt á vinnumarkaði að bætt afkoma skili sér í betri kjörum starfsfólks sem hefur skapað hana með vinnuframlagi sínu. Hvers vegna gildir það ekki um framhaldsskóla?

Þann 1. ágúst sl. tóku gildi ný framhaldsskólalög. Ýmis atriði eru jákvæð og til hagsbóta fyrir nemendur en líka eru mörg álitamál um útfærslu. Eru nefnd hér nokkur dæmi. Setja á nýjar reglur um mat á námi til eininga út frá vinnuframlagi nemenda og er talað um að hafa ECTS einingakerfi evrópskra háskóla til hliðsjónar. Ekki er vitað til þess að ECTS kerfið hafi verið tekið upp í bóknámi í evrópskum framhaldsskólum. Námsbrautalýsingar eiga að uppfylla tilteknar kröfur til að öðlast staðfestingu ráðherra og gæðaviðmiðin að vera í aðalnámskrá. Lágmarkseiningafjöldi til stúdentsprófs er ekki í lögnum og því vakna spurningar um það atriði sérstaklega, gæði náms, fjölbreytni og möguleika nemenda til að stunda námið á eigin hraða. Með lögnum er fræðsluskylda til 18 ára aldurs

innleidd. Skýra þarf hvaða réttarbætur hún færir nemendum og hvernig stjórnvöld taka á sig ríkari skyldur á námsvist og skólagöngu ósjálfráða framhaldsskólanemenda. Nýtt einingakerfi, fimm daga lenging starfstíma skóla og afnám skila milli kennslu- og prófatíma hafa bein áhrif á ákvæði kjarasamninga framhaldsskólans um störf og vinnutíma. Þessi atriði bíða næstu samningsgerðar við ríkið.

Meirihluti menntamálanefndar Alþingis áréttaði sl. vor mikilvægi þess að nám til stúdentsprófs yrði ekki skert og að vandað yrði til verka við innleiðingu nýrra laga. Leggur meirihlutinn sérstaka áherslu á að samráð verði haft við kennara og skólameistara um þróun og upptöku nýs einingakerfis og áhersla lögð á að framhaldsskólarnir verði samtaka við innleiðingu laganna. Mikilvægt er að framkvæmdavaldið taki tillit til álits löggjafans.

Menntamálaráðherra boðaði til menntaþings 12. september um nýju lögin. Þar var m.a. fjallað um þau í alþjóðlegu samhengi. Ljóst er að margt í áherslum þeirra er sótt til OECD og til menntaáætlunar ESB. OECD birtir reglulega úttektir á menntamálum í aðildarríkjunum, svo sem um þróun útgjalda til málaflokksins. Þar sést að útgjöld til menntamála hér hafa aukist á undanförunum árum. Í umræðum fyrr á árinu um PISA könnunina var bent á að ekki mætti ofmeta útgjöld til menntamála því einnig þyrfti að taka með í reikninginn óhagkvæmni í rekstri skóla vegna dreifðrar byggðar, fámennis og lægri meðalaldurs Íslendinga.

En OECD birtir líka samanburð á launum kennara í aðildarríkjunum og eru kennaralaunin hér á landi með þeim lægstu á þeim lista. Vitaskuld þarf að hafa fyrirvara á svona samanburði. Upplýsingarnar má samt nota til að ráða í mismunandi gildismat á kennarastarfinu í ríkjunum. Margar þeirra þjóða sem við berum okkur saman við, t.d. Þjóðverjar, Danir og Finnar, hafa komið kennarastarfinu á þann stað í launastiganum sem þarf til að auka virðingu fyrir því. Er þetta í takt við umræðuna í ESB sem almenn sátt virðist vera um, að góð kennarakjör skipti máli til að bæta nám og námsárangur.

Íslenskum stjórnvöldum er umhugað um taka upp alþjóðlegar áherslur í menntamálum og vera ekki neðst á listum í ýmsum alþjóðlegum samanburði. Ætti ekki það sama að gilda um kennaralaunin? Ætla mætti þegar tekið er mið af kjörum kennara á Íslandi að aldrei sé „rétti tíminn“ til að leiðrétta kúrsinn, hvorki sé hægt að bæta stöðu kennara í uppsveiflu né niðursveiflu efnahagslífsins. Rök af þessu tagi standast auðvitað enga skoðun.

Aðalheiður Steingrimsdóttir

Blessuð sértu borgin mín

- áttthagafræði í upphafi vetrarstarfs

Fyrir tuttugu árum heimsótti ég leikskóla í Helsinki. Þar var lítil þakgarður en að öðru leyti höfðu börnin ekkert útileiksvæði. En þau áttu sér lítið bútasumsteppi, hvert og eitt, sem þau höfðu hannað sjálf og starfsmennirnir síðan saumað saman fyrir þau. Teppin voru geymd í hilluskáp sem minnti á handklæðarekka sundlauganna. Á hverjum degi tóku börnin teppið sitt og settust á það til að hlusta á sögu eða notuðu það til að búa til hús milli tveggja stóla. Þau fóru út á vetrum og renndu sér á teppinu niður snævi þakinn hól. Þau fóru út á sumrin og breiddu úr teppunum sínum á grasbletti við tjörn og borðuðu nesti. Þau söfnuðu laufum í teppin á haustin og snemmsprottnum blómum á vorin. Þetta var áttthagafræði í borg. Þegar yngsta barnið mitt var hjá dagmömmu fór hún með eins og tveggja ára gömul börn í kerru um bæinn, ýmist dró eða ýtti, í öllum veðrum. Kerruna hafði hún keypt hjá Sölu varnarliðseigna og í henni voru átta sæti og átta öryggisbelti. Þegar barnið fór í leikskólann Hlaðhamra og síðar í Grænumborg var líka mikið gengið og skoðað og fyrstu skrefin tekin í að læra umferðarreglurnar. Í franska leikskólanum þegar barnið var fimm ára var enginn garður, bara port með leiktækjum. En börnin fóru út í skóg og æfðu bogfimi og í strætó í bíó að horfa á The Nightmare before Christmas í leikstjórn Tim Burton sem Frakkar hafa mikið dálæti á. Þau söfnuðu púpum sem þau geymdu í fiskabúrum og fóðruðu og dag einn flugu fiðrildi um alla skólastofuna. Þegar í Austurbæjarskóla var komið fór barnið með kennaranum sínum í ótal gönguferðir um nágrenni skólans og kennarinn vakti áhuga barnanna á hinu smáa og smágerða í umhverfinu sem oft fer framhjá okkur. Þetta var allt saman áttthagafræði í borg. Borgin er áttthagi margra barna en vaxandi tilhneiging er til að loka á veðrið og læsa áttthagana úti þrátt fyrir að þar leynist mýmörg ævintýri og fleiri tækifæri til skynjunar en við skjáinn.

Ég má til með að endurbirta hér brot úr kafla um áttthagafræði sem ég fann í ritinu *Námskrá fyrir nemendur á fræðsluskilyldualdri* sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 1960, í ráðherratið Gylfa Þ. Gíslasonar. Þessi texti er hreinlega svo ágætur, – sannur og fallegur.

„Í áttthagafræði verður kennarinn að fylgja hverju barni fram til vaxtar og þroska eftir þeim leiðum, er eðli þess og upplag bendir til, og hann verður mjög að gæta starfrænna þarfa þess. Hverju barni er eðlilegast að starfa og athuga hlutina sjálft. Engin



Kristín Elfa Guðnadóttir

Ljósmynd: Kristján Valdimarsson

Börnin eru leidd til kynna við veröld, sem þau eiga að læra að þekkja, – ekki á þann hátt, að þeim finnist, að um kennslu sé að ræða, heldur að sjálft lífið komi til þeirra í viðfangsefnum þeirra og athugunum

sérstök námsgrein afmarkar efnisval í kennslu áttthagafræðinnar. Sjálf áttthagafræðin er grundvöllur að framtíðarnámi barnsins. Nauðsynlegt er, að kennarinn kynnist vel nemendum sínum í upphafi áttthagafræðikennslunnar. Fyrstu vikurnar og mánuðina, sem börnin eru í skóla, verður kennarinn, jafnhliða kennslu sinni og störfum, að leggja áherzlu á það að kynnast börnunum sem bezt, áhugamálum þeirra og hæfileikum, hugmyndum þeirra og málþroska. Eftir þeim kynnum velur hann svo verkefni og gætir þess ávallt, að þau veki áhuga og starfsgleði nemendanna.

Börnin eru leidd til kynna við veröld, sem þau eiga að læra að þekkja, ekki á þann hátt, að þeim finnist, að um kennslu sé að ræða, heldur að sjálft lífið komi til þeirra í viðfangsefnum þeirra og athugunum.“

Síðar í kaflanum: „Skólinn verður sífellt að keppa að því að vera annað heimili barnsins. Fullur trúnaður verður að ríkja milli hans og hvers barns. Hvergi er meiri þörf á því en í sambandi við nám og starf í áttthagafræðinni. Glaðlyndi og hlýhugur verða að ríkja í kennslustundunum, og kennarinn verður oft að grípa til frásagnar á ævintýrum og sögum til þess að bregða upp leifturmyndum, sem festast í minni barnsins og geta orðið því aflgjafi til hugsýna og hugmyndaflugs...“

Kristín Elfa Guðnadóttir

EFNISYFIRLIT

Formannspistill: Kennaralaun og skólastarf	3	Námsgögn: Heimspeki fyrir þig – ný bók	16
Leiðari: Blessuð sértu borgin mín	4	Kennsla: Söngleikir í Grundaskóla	18
Gestaskrif: Brjáluð listgrein – nokkrar hugleiðingar	5	Skólastefna: Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsga	20
Kjaramál: Íþróttakennarar í grunnskóla	7	Fréttir: Menntun í sviðsljósinu í kosningabaráttu í BNA o.fl.	22
Tilkynningar: Ljóðaslamm í Borgarleikhúsinu, útlarp Stjörnuhlíkir o.fl.	8	Tilkynningar: Ráðstefna um leikskólann, námstefna SÍ, glæsirit um skólasögu o.fl.	24
Skólabyrjun: Að hefja nám í framhaldsskóla	10	Tilkynningar: Málþing menntavísindasviðs, vetrarleiga Orlofssjóðs KÍ o.fl.	26
Heilsa: Námskeið í raddbeitingu kennara	12	Kennslugögn: Hvernig nýtist MindManager í skólastarfi?	28
Forystuskóli: Leikskólinn Hvammur	14	Fréttir: Rafknúin reiðhjól, fjölmennningarlegt fræðslustarf í leikskólum o.fl.	29
		Fréttir: Alþjóðadagur kennara, ráðstefnur og viðburðir á næstunni	30

Ritstjóri: Kristín Elfa Guðnadóttir kristin@ki.is
Ábyrgðarmaður: Eiríkur Jónsson eirikur@ki.is
Umsjónarmaður félagaatals: Sigríður Sveinsdóttir sigridur@ki.is / sími 595 1115
Hönnun: Zetor ehf.
Ljósmyndir: Jón Svavarsson, nema annars sé getið

Forsíðumynd: Nemendur í leikskólanum Hvammi
Auglýsingar: Stella Kristinsdóttir stella@ki.is / sími 595 1142 eða 867-8959
Prentun: Gutenberg
Skólavarðan, s. 595 1120 (Kristín)
Laufásvegi 81, 101 Reykjavík



KENNARASAMBAND ÍSLANDS

Brjáluð listgrein... nokkrar hugleiðingar



Elísabet Indra: Við þurfum að huga meira að ferðalögum en lokapunkti, leyfa okkur að vera upptekin af því ómælanlega og ósegjanlega; gera tilraunir þótt við vitum ekki alveg hvert þær leiði okkur; fara ekki á taugum yfir því að afrakstur sé ekki mælanlegur.

i
Á býsna innblásandi tilraunamaraboni Lista-
háttíðar í Reykjavík í maí síðastliðnum var
eitt eftirminnilegasta atriðið tvímælalaust í
boði enska listamannsins Brians Eno. Þetta
var á mildum sunnudagsmorgni í maíbyrjun
í Hafnarhúsinu - og í þann mund sem kirkju-
klukkur Dómkirkjunnar tóku að hringja inn
sunnudagsmessuna og Dómkórinn að koma
sér fyrir á kirkjuloftinu hófu andaktugir gestir
Hafnarhússins upp raustir sínar í fjölda-
söng sem hann Brian Eno leiddi ásamt
nokkrum forsöngvurum. Söngurinn var lág-
vær og seiðandi, og öll þekktum við lagið
hans Elvisar Presley sem við rauluðum svo
ofur-lágt og hver með sínu nefi...

Wise men say only fools rush in
but I can't help falling in love with you
Shall I stay
would it be a sin
If I can't help falling in love with you...

Flóknari var gjörningurinn hans Brian
Eno ekki og áður en söngurinn tók að óma
hafði þessi heimsfrægi hljóðmeistari vikið
nokkrum velvöldum orðum að stöðu tónlistar
og söngiðkunar innan enska skólakerfisins
sem er afar bágborin, sagði hann. Brian
Eno lagði til að músíkiðkun yrði margfölduð
í enskum skólum með þeim skilyrðum þó
að ekki væri prófað úr henni. „Próf eru að
leggja enska menntakerfið í rúst,“ sagði
hann áður en hann taldi í Presleyslagarann

og það viðstadda vinsamlega um að reyna
að syngja með hjartanu. Kredduhugmyndir
um réttan og rangan söngstíl væru ekki hátt
skrifaðar í þessu samkvæmi!

Tilraunamarabonið var skemmtilegur
viðburður. Ekki síst vegna formsins þar sem
stefnt var saman í eina óskilgreinda bendu
gjörningum, fyrirlestrum, ljósmyndum,
hugleiðingum um vísindi og listir, vídeólist,
söng... Orðræðan var sem sagt ekki drottn-
ing dagsins eins og svo oft vill verða á
samkundum sem þessum og krafturinn
sem skapaðist af því að leiða saman fólk
úr ólíkum geirum var hrífandi. Erfitt er að
tala um niðurstöðu af slíku ferðalagi en úr
varð einhver sérkennilegur núningur sem
á örugglega eftir að gerjast í viðstöddum
næstu árin.

ii
Svipaðar hugmyndir um samruna eru uppi
á teningnum á árlegum ráðstefnum hinna
bandarísku TED samtaka sem haldnar
eru vestur í Monterey í Kaliforníu. Þar
stíga fram heimspekkir einstaklingar úr
heimum vísinda, lista, hönnunar, fræða og
viðskipta, svo eitthvað sé nefnt og deila
með ráðstefnugestum hugmyndum sínum
og vangaveltum í formi fyrirlestra, tónverka,
dans, leiklistar, upplesturs, ljósmynda, sam-
ræðna. Spannandi tengingar verða á milli
margvíslegustu viðfangsefna með þessu
móti og yfir vötnum svífur meðvitund um
það að manneskjan tjái sig á alls konar hátt

og að enginn tjáningarmáti sé rétthærri en
annar.

Á einni slíkri ráðstefnu fyrir nokkrum
árum kom einmitt fram annar breskur
baráttumaður fyrir betra menntakerfi, Ken
Robinson að nafni, og hélt afar hressandi
hugvekju um stöðu skapandi hugsunar
innan skólans. Ræða Robinson, sem hefur
í kjölfarið flogið víða um heim, þökk sé
veralдарvefnum, fól í sér ögrandi spurningar
um hvort skólinn drepi sköpunargáfuna. „Öll
fæðumst við ólgandi af sköpunarkrafti,“



Brian Eno: Próf eru að leggja skólakerfið í rúst.



Ken Robinson: Af hverju eru börn skapandi en fullorðnir ekki? Hvað gerist þarna á milli?



Pablo Picasso: Öll börn eru listamenn.

Lestu ljóðið hér að neðan og svaraðu svo spurningunum úr því.*

Augu þín eru kort af himnaríki...

Ég styð á receive alltaf annað slagið og óska þess að svarið frá þér berist. Ég bíð og vona, bíð en ekkert gerist. Ég bíð til Drottins upp á gamla lagið.

Því fátt ég meira þrái en þögn orðin í þyrpingu á miðjum tölvuskjánum (því ástin gerir alla menn að kjánum, af elsku svigna hugarveisluborðin).

Ég sakna meira en orða augna þinna; þín augu eru kort af Himnaríki sem Guð dró sjálfur upp í ástarsýki og enginn mátti nokkurn tíma finna.

Æ, leyfðu mér að leita í auga þínu að leiðinni að Himnaríki mínu.

(Sigtryggur Magnason, 2001, ljód ungra skálda, bls. 68)

Hvert er megininntak ljóðsins?

- Enginn talar við hann.
- Grafarþögn er umhverfis hann.
- Ljóðmælandanum er orða vant.
- Ljóðmælandinn fær ekkert svar.

*Úr samræmdu lokaprófi í 10. bekk í íslensku vorið 2008

sagði Robinson og vitnaði um leið í fleyg orð Pablo Picasso sem ku hafa sagt að öll börn væru listamenn. Vandinn væri að halda áfram að næra og rækta þann listamann þegar fram í sækti. Ken Robinson talar sum sé um úrelt skólakerfi sem sprottið hafi upp úr iðnbyltingu 19. aldarinnar sem miðaði að því að framleiða vinnufúsar hendur og samstilltan hóp. Atvinnulífið hafi kollvarpast á 200 árum; hugvit og sköpunarmáttur skipi æ stærri sess í hvaða geira atvinnulífsins sem er en samt séu þeir eiginleikar enn ekki metnir til fullnustu í grunnmenntun barna þar sem miðað sé að einsleitni í stað einstaklingsæðlis. Enn sé lögd ofuráhersla á akademíska færni og bóklegt nám á sama tíma og við vitum að greind mannsins er fjölbætt, skynjun hans og tjáning á heiminum svo ótrúlega margvísleg og nær til alls kyns þátta. Og afleiðingar þessa samræmda menntakerfis og þröngu viðmiða um greind séu þær að út um allt fyrirfinnist frábærlega hæfir og skapandi einstaklingar með ótrúlega hæfileika sem hafi litla trú á sjálfum sér vegna þess að skólinn hafi ekki metið þá hæfni sem þeir bjuggu yfir.

Ken Robinson hefur raunar barist ótulllega fyrir því um nokkurt skeið að skapandi hugsun hljóti tilhlýðilegan sess innan skólakerfisins og beitt til þess margvíslegum leiðum í ræðu og riti. Bók hans *Out of our minds* sem út kom fyrir nokkrum árum er frábær skemmtilesning og fróðleg í ofanálæg þar sem hann talar vítt og breitt um sitt helsta hugðarefni, sköpunargáfuna og þversögnina sem felst í því að flestum börnum finnist þau uppfyll af sköpunarmætti en fullorðnu fólki ekki. „Hvað gerist þarna á leiðinni?“ spyr Robinson. Í aðurnefndum fyrirlestri staðhæfir hann að sköpun eigi að njóta sömu virðingar og læsi enda siglum við nú inn í algerlega óþekkta tíma þar sem heimurinn breytist á ógnarhraða og enginn sjái fyrir endann á þeim breytingum öllum. Það sé því beinlínis þjóðhagslega lífsnauðsynlegt að búa einstaklinga undir þessar miklu hræringar með því að efla frumkvæði og framsýni, hjálpa þeim til að hugsa út fyrir rammann, sjá að það eru alls konar leiðir til að settu marki og hið setta mark getur

líka tekið algerum stakkaskiptum ef því er að skipta.

iii

Ken Robinson er ekki einn um þessa skoðun eins og við vitum og núna á undanförunum árum heyrum við æ oftara talað um mikilvægi hugvits og sköpunarkrafts í síbreytilegum heimi. Sjálf hef ég haft nokkurn pata af því skapandi starfi sem fram fer í íslenskum skólum í gegnum vinnuna mína hér í Ríkisútvarpinu en síðastliðinn vetur sá ég um vikulega útvarpsþætti á Rás 1 sem fjölluðu fyrst og fremst um skapandi starf með börnum og ungu fólki; sköpunarverk ungs fólks og hvernig hlúð væri að sköpunarkraftinum innan skólakerfisins. Þátturinn heitir Stjörnuvíkingur og verður aftur á dagskrá Rásar 1 í vetur. Þetta var sérdeilis ánægjuleg vinna og gaman að finna fyrir sprengikraftinum sem er til staðar svo víða í íslenskum skólum á öllum skólastigum. Í þáttunum komu fram arkitektar og eðlisfræðingar, myndlistarmenn og ljóðskáld, heimspekingar og leikarar, stærðfræðingar og tónlistarmenn sem stunda ýmiss konar tilraunamennsku með nemendum sínum, í gegnum samræður, stærðfræðiprautir, músíkspuna, hitaloftbelgjagerð, leikræna tjáningu... Tjáningin er margvísleg og einstaklingsæðlið hyllt. Námið á sér stað í gegnum uppgötvun nemandans og skynjun hans á heiminum og það hjálpar honum til að kynnast sjálfum sér, sérstöðu sinni og styrkleikum, nýta sér ímyndunarafli sitt og innsæi.

Það væri sem sagt fljótlegt að svara áleitinni spurningu Ken Robinson neitandi eftir þessar heimsóknir. Skólar drepa svo sannarlega ekki sköpunargáfuna. Og þó!

Það er nefnilega líka nokkuð ljóst að þótt víða fari fram magnað starf innan íslenskra skóla eiga skapandi starf og skapandi hugsun undir högg að sækja þegar kemur að því að veita og meta skólastarf. Allt tal um frammistöðu nemenda og skóla virðist, þegar öllu er á botninn hvolft, svo allt of oft

taka mið af Pisa-könnunum og samræmdum prófum. Öll þessi dýrmæta vinna sem fer fram með ungu fólki skiptir engu máli í því samhengi öllu. Þá er ekki spurt um innsæi og ímyndunarafl, dirfsku og frumkvæði, áhuga og siðferði heldur er svo iðulega verið að leita eftir einu niðurnjörvuðu svari. Í bókmenntahluta samræmds prófs í íslensku er meira að segja ennþá spurt út úr ljóðum og merkingu þeirra með krossasurningum. Nemandi fær sem sagt rétt eða rangt fyrir skilning sinn á ljóði! Þar skiptir engu máli

hvort nemandinn sé ástríðufullur ljóðáunnandi og/ eða ljóðskáld með ótrúlegt næmi og tilfinningu fyrir skáldskap. Nei – í þessum skrytna heimi er hægt að segja að merking ljóðsins sé a – en alls ekki b, c eða d. Aðrir möguleikar eru svo ekki fyrir hendi.

Ég held að við þurfum að fara að huga meira að ferðalögum en lokapunkti, leyfa okkur að verða uppteknari af því ómælanlega og ósegjanlega; gera tilraunir þótt við vitum ekki alveg hvert þær leiði okkur, fara ekki á taugum yfir því þótt afrakstur sé ekki endilega

mælanlegur eða áþreifanlegur. Raula með hjartanu og hætta að hugsa um þessar réttu og röngu leiðir sem við ímyndum okkur að séu til að öllum sköpuðum hlutum. Núna blómstrar skapandi starf svo ótrúlega víða í skólum og á örugglega eftir að margfaldast á næstu árum – það á skilið sinn rétttháa sess hjá íslenskum skólayfirvöldum.

Elísabet Indra Ragnarsdóttir

Höfundur er dagskrárgerðarmaður á Rás 1.

KJARAMÁL

Íþróttakennarar í grunnskóla

Að þessu sinni er ætlunin að fjalla um íþróttakennara í grunnskóla og koma inn á nokkur atriði sem eingöngu varða þann hóp og sem jafnframt er mikið spurt um hér á skrifstofu KÍ.

Launaröðun

Íþróttakennarar grunnraðast í launaflokk 233 frá og með 1. október 2008. Flestir íþróttakennarar hafa leyfisbréf til að kenna bæði í grunn- og framhaldsskóla og fá 1 lfl. til viðbótar vegna þess. Að auki bætast ofan á það launaflokkar vegna kennsluferils og viðbótarmenntunar þó í samræmi við ákvæði gr. 1.3.3. en þar segir: „Hafi leiðbeinandi, grunnskólakennari, umsjónarkennari, sérkennari eða námsráðgjafi 15 eininga sérhæft viðbótarnám á háskólastigi eða 30 eininga framhaldsnám í fagi á háskólastigi eða leyfisbréf á báðum skólastigum hækkar röðun hans um einn launaflokk.“ Því er íþróttakennarinn í sumum tilfellum þegar kominn með flokk vegna leyfisbréfanna og fær þá ekki viðbótarlaunaflokk fyrr en eftirfarandi á við um hann: „Hafi leiðbeinandi, grunnskólakennari, umsjónarkennari, sérkennari eða námsráðgjafi tvöfalt Bed/BA/BS próf eða MA/MS próf hækkar hann um 2 launaflokka.“ Þetta á t.d. við um þá sem hafa 30 eininga viðbótarnám sem lauk með BS gráðu í íþróttfræði og heilsuþjálfun frá KHÍ, Laugarvatni, þ.e. 3 launaflokka samtals vegna viðbótarmenntunar. Rétt er að geta þess að einnig segir síðar í grein 1.3.3.: „Hafi leiðbeinandi, grunnskólakennari, umsjónarkennari, sérkennari eða námsráðgjafi doktorspróf hækkar hann um 3 launaflokka.“

Hópkennsla – forföll annars kennara

Þeir íþróttakennarar sem kenna saman t.d. tveimur hópum eiga að fá greitt álag ef hinn íþróttakennarinn forfallast, eins og fram kemur í bókun 4 með kjarasamningi en þar segir: „Þegar kennara einnar bekkjardeildar/námshóps er falið að bæta við sig kennslu annarrar bekkjardeildar/námshóps samhlíða eigin kennslu vegna forfalla annars kennara, skal greiða honum hálfa yfirvinnustund í álag fyrir hverja slíka kennslustund.“

Íþróttafatnaður

Íþróttakennarar eiga rétt á fatnaði við íþróttakennsluna en ákvörðun um hvernig íþróttafatnað og hversu oft er tekið á hverjum vinnustað. Í kjarasamningi gr. 8.2.1. segir: „Þar sem sérstök hlífðarföt eru nauðsynleg, t.d. vinnusloppar, skal starfsmönnum séð fyrir slíkum fatnaði þeim að kostnaðarlausu. Sama gildir um hlífðarföt vegna óþrífalegra starfa og starfa sem hafa óvenjulegt fataslit í för með sér.“ Á 52. fundi samstarfsnefndar FG & LN, 10. desember 2002 var sérstaklega tekið fyrir erindi íþróttakennara og varðaði rétt til sérstaks fatnaðar við íþróttakennsluna, niðurstaða samstarfsnefndar var eftirfarandi: „Samstarfsnefnd lítur svo á að mál þetta skuli leyst á hverjum vinnustað fyrir sig í samræmi við ákvæði kjarasamnings, sbr. reglugerð nr. 204/1964, 25. grein.“ Í reglugerðinni sem vitnað er í segir m.a.: „Við kennslu skulu íþróttakennarar klæðast sérstökum búningi, sem sé hentugur íþróttakennslunni.“

Sundkennsla - hópastærðir

Í reglugerð (395/1996) um sundnám í grunnskóla segir: „Í hverjum sundhópi skulu að jafnaði vera 15 nemendur hjá einum kennara í hverjum 40 mínútna sundtíma.“ Þá segir einnig í aðalnámskrá grunnskóla: „Til að ná aðalmarkmiðum sundnáms, sérstaklega því markmiði að gera alla nemendur synda þannig að þeir geti bjargað sér og öðrum á sundi, þá hefur skipulag sundkennslunnar miðast við að 15 nemendur séu að jafnaði í hverjum 40 mínútna sundtíma. Til að tryggja öryggi nemenda í kennslustundum enn frekar, stuðla að bættri kennslufræðilegri nálgun og tryggja að markmiðum kennslunnar verði náð er æskilegt að nemendur séu færri en 15 þegar þeir eru ósyndir. Í skipulagi sundkennslu þarf einnig að taka tillit til þeirrar aðstöðu sem fyrir hendi er, s.s. stærðar laugar.“ Í reglugerð (457/1998) um aðbúnað og hollustuhætti á sundstöðum segir einnig: „Um sundkennslu fer samkvæmt gildandi reglugerð um sundnám í grunnskóla. Þar sem hópar barna undir 8 ára aldri eru saman komnir skulu ekki fleiri en 15 börn vera í umsjá hvers leiðbeinanda, sem er ábyrgur



Ljósmynd: Steinum Jónasdóttir

Ingibjörg Úlfarsdóttir
launafulltrúi KÍ

fyrir hópnum, ásamt gæslumönnum lauga.”

Ef þið hafið einhverjar spurningar varðandi þetta eða annað er ykkur velkomið að hringja til mín í síma 595 1111 eða senda mér tölvupóst á netfangið ingibjorg@ki.is

Ingibjörg Úlfarsdóttir

Launafulltrúi KÍ

Comenius

Langar þig í evrópskt skóla-samstarf?
Ýmsir möguleikar í boði

Evrópsk tengslaráðstefna á Íslandi

Tungumálanám í grunnskóla

Dagana 24.-25. október verður haldin evrópsk Comeniusar tengslaráðstefna á Háskólatorgi á vegum Landskrifstofu ESB menntaáætlunarinnar. Nú þegar hafa um 40 erlendis kennarar skráð sig til leiks. Íslenskir kennarar eru hvattir að taka þátt. Dagskrá og skráning fer fram á: www.comeniusseminar.is og er skráningargjald 100€.

Markmið tengslaráðstefna er að koma saman hópi fólks sem hefur áhuga á þátttöku í evrópskum samstarfsverkefnum. Á haustmánuðum eru haldnar tengslaráðstefnur vítt og breitt um Evrópu og hægt er að sækja um styrki hjá Landskrifstofu menntaáætlunarinnar til að sækja þær. Sjá lista með ráðstefnum á slóðinni: <http://www.ask.hi.is/page/comstyrkir>. Umsóknarfrestur hið minnsta sex vikum áður en ráðstefna hefst.

Nánari upplýsingar rz@hi.is, teva@hi.is

Námsgögn

Orð fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku

Eva Örnólfsdóttir er nýbúakennari við Tækniskólann - skóla atvinnulífsins. Hún var áður nýbúakennari í grunnskóla, er með meistaraþráðu í fjölmenningu frá KHÍ og er nú í námi við HÍ á sviði fjölmenningar. Eva hefur nýverið gefið út námsbækur fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

„Reynsla mín í kennslunni,“ segir Eva, „var sú að lítið var til af hentugu kennsluefni ætluðu eldri nemendum. Ég safnaði efni og gaf út kennslubók í fyrri sem ber heitið *Orð*

fyrir orð og er ætluð nemendum með annað móðurmál en íslensku. Þar sem mikill skortur var á efni fyrir þennan hóp, sem er efri hluti grunnskólans og framhaldsskólanemendur, gekk mjög vel með dreifingu bókarinnar. Það kom mér líka á óvart að hún hentaði vel til sérkennslu vegna þess að hún er á mjög einföldu máli og öll málfræði einfölduð eins og hægt er. Texti bókarinnar er studdur með teikningum í lit.

Móttökur bókarinnar gáfu mér byr undir báða vængi að gera enn betur og nú var ég að gefa út framhald. Hún heitir *Orð verða setningar* og er ætluð þeim sem eru svolítið lengra komnir í íslenskunáminu. Hún er gefin út með styrk frá Þróunarsjóð námsgagna. Síðan er verkefnabók sem ber heitið *Orðfylla* og er með 39 krossgátum sem byrja á 10 orðum og fjölga upp í 25 orð. Þeim fylgir lestexti með sömu orðum og í



krossgátunum og verkefni til að festa orðin enn betur í minni. Allt okkar íslenskunám er jú leikur með orð og hvernig þau raðast saman og því hef ég valið að nota orðið orð í titla bókanna.“

Bækurnar *Orð fyrir orð* og *Orð verða setningar* eru bæði kennslubækur og vinnubækur nemenda þar sem málfræði er fléttað inn í. Allar bækurnar eru með litmyndum því mikið er byggt á sjónrænu minni nemenda.

Ljóðaslamm í Borgarbókasafninu

Borgarbókasafn Reykjavíkur, í samstarfi við ÍTR og Rás 2, stendur fyrir Ljóðaslammi í annað sinn á Vetrarhátíð 2009. Stefnir er að því að þetta verði árlegur viðburður og fastur liður í menningarstarfi safnsins.

Ljóðaslamm felst í flutningi frumsamins ljóðs eða ljóða þar sem áherslan er ekki síður á flutninginn en á ljóðið sjálft. Þannig telst hefðbundinn ljóðaupplestur ekki til ljóðaslammis, heldur er áherslan á ljóðaflutning sem sviðslist og miðað við að flytjandi eða flytjendur fari með ljóðið samhliða tónlist, myndlist eða leiklist. Hvort sem er einstaklingur eða hópur getur flutt ljóðið.



Slammið er ætlað ungu fólki og temað er hrollur.

Skráningarfrestur er til 15. desember 2008. Sjálf keppnin fer fram á Vetrarhátíð í Reykjavík, á safnanótt, föstudaginn 13. febrúar 2009. Fimm manna dómnefnd velur besta ljóðið og flutning. Í henni situr fyrir hönd Borgarbókasafns Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur. Aðrir eru Freyr Eyjólfsson útvarpsmaður og tónlistarmaður, Bragi Ólafsson rithöfundur, Bóas Hallgrímsson tónlistarmaður og Ilmur Kristjánsdóttir leikkona.

Frekari upplýsingar um keppnina er hægt að nálgast á heimasíðu Borgarbókasafns, borgarbokasafn.is, og fer skráning þar fram svo og í afgreiðslu allra safna Borgarbókasafns.

Námsgögn

Í síðasta tölublaði sögðum við frá tveimur af handhöfum Íslensku menntaverðlaunanna, þeim Pétri Hafþóri Jónssyni og Arnheiði Borg. Í framhaldi af því buðum við báðum kennurum að semja stutta kynningu á einhverju af því námsefni sem þau hafa samið. Hér er kynning Arnheiðar og kynning Péturs kemur í næsta blaði.

Græn bók

Hvað lesa börnin?

Hvaða lífsgildi viljum við innræta börnunum okkar?

Græna bókina hefur að leiðarljósi að styrkja samkennd, kurteisi, virðingu, skilning og sjálfsmynd einstaklingsins.

Tvær fyrstu bækurnar í flokki Grænna bóka

Léttlestrarbækurnar um Rut eru fjórar talsins og fjalla um mannleg samskipti. Fyrstu tvær bækurnar hafa nú verið endurútgefnar.



Í bókinni *Rut fer í nýjan skóla* er vakinn athygli á:

- jákvæðni
- að dæma ekki fyrirfram
- oft má satt kyrrt liggja
- tillitssemi

Í bókinni *Rut á afmæli* er vakinn athygli á:

- að skilja ekki útundan
- að virða hvert annað
- að særa ekki aðra
- að kynna sig í síma
- að tala rétt mál

Bækurnar eru til sölu hjá Skólavörubúðinni.

Með bestu kveðju,
Arnheiður Borg

Útvarp Stjörnuvíkjar hefur göngu sína á ný

Hún Elísabet Indra sem skrifar fyrir okkur í blaðið að þessu sinni er dagskrárgerðarmaður á Rás 1. Útvarpsþátturinn hennar, Stjörnuvíkjar, hóf göngu sína fyrir réttu ári og vakti talsverða athygli. Þátturinn fjallar um ýmis þau mál sem snerta skapandi starf með börnum og ungu fólki innan skóla og samfélags.

Við báðum Elísabetu Indru um að segja okkur frá þættinum: „Rætt er við kennara og fræðimenn, börn og unglinga um ýmislegt sem viðkemur skapandi skólastarfi; ungir myndlistarmenn og hönnuðir lýsa sköpunarverkum sínum, ungir músikantar flytja frum samin tónverk, ungskáld flytja ljóð og örsögur, heimspekilegar samræður eru stundaðar og rannsóknir á sviði jarðvísinda, eðlisfræði og ýmislegt fleira ber á góma.

Þátturinn hóf göngu sína 13. september og er fluttur á laugardögum klukkan 14:40 og endurtekinn á föstudagskvöldum klukkan 20:30. Vefupptök af þættinum má nálgast inni á heimasíðunni ruv.is/stjornukikir. Þar er líka að finna alla þættina frá upphafi á svokölluðu hlaðvarpi sem gerir hlustanda kleift að hlaða þáttunum inn á tölvuna sína.



Í fyrstu haustleiðöngurum verður farið um Gróttu í fylgd Margrétar H. Blöndal, Óskar Vilhjálmssdóttur og ungra vísindamanna, umhverfi Eiða kannað undir leiðsögn Guju Daggar Hauksdóttur, Kristínar Reynisdóttur og ungra myndlistarmanna, ungskáld úr ritsmiðju Herðisar Egilsdóttur lesa fyrir okkur sögur og farin verður vettvangsferð um Norðlingaskóla.“

Í undirdjúpunum –

Samlagning, margföldun, deiling og frádráttur

Fjögur litrík og fallega myndskreytt æfingahefti í stærðfræði fyrir yngsta stig grunnskóla. Talsverð áhersla er á notkun hjálpargagna, t.d. talnalínu. Heftin eru 16 blaðsíður hvert. Innan á bókarkápum eru kennsluleiðbeiningar. Það er einnig hægt að prenta heftin af vef Námsgagnastofnunar www.nams.is

Samlagning í undirdjúpunum

Gagnvirk verkefni sem eru ætluð til að auka færni nemenda í samlagningu. Verkefnin eru fjölbreytt og reyna einkum á samlagningu eins og tveggja stafa talna þar sem ýmist er gefin summa, einn liður eða fleiri. Í öllum leikjunum er hægt að velja um þrjú þyngdarstig og allur texti er lesinn.



NÁMSGAGNASTOFNUN

| Laugavegi 166

| S: 535-0400

| upplysingar@nams.is

CAPACENT OG STJÓRNMENT KYNNA: STJÓRNUN OG FORYSTA Í SKÓLAUMHVERFI

FYRIR



EFTIR



StórnMennt Háskólans í Reykjavík og Capacent bjóða 30 eininga ECTS-nám sem er sniðið sérstaklega að þörfum skólastjórnenda.

Markmið námsins er að efla stjórnendur í skólum, m.a. á sviði leiðtogaferni og stefnumótunar, mannauðs- og rekstrarstjórnunar ásamt því að gera þá færa í að nýta árangursmat til að innleiða stefnu og stýra störfum starfsfólks.

Námið er ætlað stjórnendum og kennurum í leik-, grunn-, framhalds- og sérskólum, það hefst haustið 2008 og lýkur í júní 2009. Kennir í tveggja daga lotum á tveggja vikna fresti yfir veturinn.

Námið er í heild 294 klst. auk hópavinnu og lesturs.

Það skiptist í tvo hluta, faglega stjórnun og árangursmat.

Fyrri hluti – Fagleg stjórnun

- Leiðtogaferni og stjórnun
- Breytinga- og verkefnastjórnun
- Starfsmannastjórnun
- Fjármál, rekstur og frammistöðumat
- Lagaumhverfi skólastjórnenda
- Skólastjórnandinn
- Markþjálfun fyrir stjórnendur
- Framkoma og tjáning

Seinni hluti – Árangursmat

- Ytra umhverfi og mismunandi leiðir til árangursmats
- Gerð árangursmats fyrir skólastofnun
- Vinnustofa 1. Verkefni stefnumótunar
- Stefnumótið. Viðskiptavinir, innri ferli, frumkvæði og þekking, fjármál (virðisstjórnun)
- Vinnustofa 2. Gerð stefnukorts
- Vinnustofa 3. Gerð skorkorts
- Vinnustofa 4. Gerð aðgerða
- Vinnustofa 5. Innleiðing á stefnu
- Málstofa

Skráning er á www.capacent.is og www.opnihaskolinn.is

capacent



OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

opnihaskolinn.is



Anna María Gunnarsdóttir

Að hefja nám í framhaldsskóla

Anna María Gunnarsdóttir framhaldsskólakennari og formaður skólamálaráðs FF fjallar um mikilvægi þess að vel sé tekið á móti nemendum þegar þeir hefja nám í framhaldsskóla og segir meðal annars frá nýrri danskri rannsókn sem hefur vakið mikla athygli.

Langur vegur er á milli þess að hefja nám í framhaldsskóla og ljúka því. Síðustu áratugi hafa orðið veigamiklar breytingar á sókn nemenda í framhaldsskóla á Íslandi og nú hefja nærri allir nemendur sem útskrifast úr 10. bekk grunnskóla strax nám í framhaldsskóla. Í byrjun júní sl. kom fram í frétt frá menntamálaráðuneytinu að þetta vorið hefðu 4.426 nemendur úr 10. bekkjum grunnskóla sótt um skólavist í framhaldsskólum á haustönn 2008 eða rúmlega 95% árgangsins. Þá sóttu 4.100 eldri nemendur, sem annaðhvort óska eftir að skipta um skóla eða hefja nám að nýju, um skólavist í dagskóla samanborið við um 3.250 nemendur í fyrra.

Margir nemendur eiga erfitt með að fóta sig á nýju skólastigi þar sem nám og þjónusta eru með öðrum hætti en á grunnskólastiginu og nemendur þurfa að sýna fram á vissa námsframvindu. Því miður hefur brottfall úr íslenskum framhaldsskólum verið mjög mikið og ástæðurnar eflaust margvíslegar.

Á fundi í framhaldsskóladeild norrænu kennarasamtakanna NLS í júní var meginviðfangsefnið kynning á viðtökum sem nemendur fá í stórum blönduðum framhaldsskóla og nýleg dönsk rannsókn á gengi nemenda á fyrsta ári. Þar sem brottfall er viðvarandi vandamál í íslenskum framhaldsskólum taldi ég umfjöllun um þessa kynningu og um rannsóknina forvitnilega. Rannsóknin hefur vakið mikla athygli í dönsku skólasamfélagi og gaf GL (Gymnasieskolernes Lærereforening) út bækling með helstu niðurstöðum hennar. Þar eru settar fram hugmyndir um hvernig bæta megi úr. Bæklinginn má finna á netinu, slóðin er www.gl.org/GL-Sites/WWW/Forside/Uddannelse_og_udvikling/social_arv/publikation

Skipulag skólastarfs í dönskum framhaldsskólum er með nokkuð öðrum hætti en á Íslandi. Skólaárið er um mánuði lengra og kennt er í þremur til fimm styttri lotum hvert skólaár. Bæði á milli lota og stundum á meðan þær standa yfir er skólastarfið brotið upp með þverfaglegum verkefnum

Allir nemendur taka þátt í hópefli, fara á skyndihjálparnámskeið, bókasafnskynningu, læra að rata í skólanum, fá kennslu í námstækni og tjáningu, taka próf í lestri og stafsetningu til að finna út hvort þeir þurfa á sérstakri aðstoð að halda og vinna ýmiss konar verkefni. Auk þess eru námsleiðir í þessum stóra og fjölbreytta skóla kynntar og allir nemendur fara í ítarlegt viðtal hjá námsráðgjöfum. Þar er rætt um skólastarfið, hvernig námsleiðin sem þeir hafa valið hentar þeim, hverjir helstu styrkleikar þeirra og veikleikar eru og hvernig best er að vinna með þá í væntanlegri skólagöngu.

þar sem nemendur vinna að mismunandi viðfangsefnum.

Móttaka nýnema

Skólastarf í Erhvervsskolen á Norður-Sjálandi (esh.dk), sem er stór danskur framhaldsskóli með blandaðan nemendahóp, hefst hvert haust á tveggja vikna þverfaglegri lotu. Hjá nýnemum fer lotan í móttöku þeirra og námsástundun í framhaldsskóla. Sérstök áhersla er lögð á að auðvelda nemendum að hefja nám á nýju skólastigi og hjálpa þeim að takast á við breytingar samfara því. Allir nemendur taka þátt í hópefli, fara á skyndihjálparnámskeið, bókasafnskynningu, læra að rata í skólanum, fá kennslu í námstækni og tjáningu, taka próf í lestri og stafsetningu til að finna út hvort þeir þurfa á sérstakri aðstoð að halda og vinna ýmiss konar verkefni. Auk þess eru námsleiðir í þessum stóra og fjölbreytta skóla kynntar og allir nemendur fara í ítarlegt viðtal hjá námsráðgjöfum. Þar er rætt um skólastarfið, hvernig námsleiðin sem þeir hafa valið hentar þeim, hverjir helstu styrkleikar þeirra og veikleikar eru og hvernig best er að vinna með þá í væntanlegri skólagöngu.

Eftir þetta ættu nemendur að vera betur undir það búinir að hefja nám á nýju skólastigi. Aðhaldinu er þó ekki lokið og eru allir nemendur skyldugir til að mæta í sérstaka heima-lestrartíma fyrstu tvö árin þar sem þeir geta bæði unnið að verkefnum með samnemendum sínum og fengið aðstoð hjá kennurum.

„Fra gymnasiefremmed til student“

Haustið 2006 gerðu Lars Ulriksen o.fl. rannsókn á námsgengi framhaldsskólans nemenda sem ekki eiga foreldra sem hafa stúdentspróf eða meiri menntun, en í Danmörku kemur u.þ.b. helmingur af nemendum sem stunda bóknað frá heimilum þar sem foreldrar hafa ekki stúdentspróf. Stór hluti þessara nemenda á erfitt með að finna sig í bóknaði sem á þátt í brottfalli og oft mjög slökum námsárangri. Tekin voru viðtöl við 135 nemendur (71 dreng og 64 stúlkur) í 16 framhaldsskólum sem voru að hefja nám á öðru ári. Einnig voru tekin viðtöl við kennara nemendanna. Lögð var áhersla á að komast að því hvernig nemendur upplifa breytinguna við að byrja í framhaldsskóla og helstu erfiðleikana við að stunda nám í framhaldsskóla.

Hér eru dregin fram nokkur atriði sem virðast eiga samhljóm með íslenskum raunveruleika. Heildarrannsóknarniðurstöður má nálgast á heimasíðu GL (Gymnasieskolernes Lærereforening) www.gl.org/GL-Sites/WWW/Forside/Uddannelse_og_udvikling/social_arv.

Viðtölin við nemendur sýna að mörgum finnst erfitt að fylgjast með því sem gerist í framhaldsskólanum og taka þátt í kennslustundum. Þeir eiga erfitt með að átta sig á hvað þarf til að standa sig vel í ákveðnum fögum, sérstaklega tungumálum og félagsgreinum. Þeir segja að kennararnir eigi auðvelt með að lýsa hvað sé gott, rétt og rangt en síður að útskýra hvernig góð svör eigi að vera og að nemendur þurfi



oft að geta sér til um hverju kennarinn sækist eftir. Nemendur eru sammála um að kennarar eigi að vera leiðbeinandi í námsmati og segja til hvers sé ætlast í stað þess að gera athugasemdir við það sem er ekki gott. Sem dæmi má nefna að það komi nemanda, sem er slakur í málfræði, að litlu gagni að fá athugasemd um að hann sé hræðilegur í málfræði. Nemendur kvarta líka yfir erfiðleikum í sambandi við tungumálið, að þeir skilji ekki útskýringar og fyrirmæli kennaranna og að þeir séu of fræðilegir í tali. Nemendur segjast eiga erfitt með að gera sig skiljanlega við kennarann og þá komi það þannig út að þeir séu lélegir í faginu þótt það sé tungumálið sem í raun og veru hindri þá.

Nemendur höfðu einnig sitthvað um kennsluna að segja. Þeim fannst stagl og endurtekningar ekki til annars fallnar en vekja með þeim leiða og þá hugsun að hlutirnir taki aldrei enda. Til að halda áhuga þeirra vakandi virðast fjölbreyttar kennsluáðferðir skipta mestu máli og hvernig kennarinn er. Þeir voru nokkuð sammála um að góðu kennararnir væru opnir, líflegir, vel að sér í sinni grein og töluðu aldrei niður til nemenda. Þeir miðla grein sinni á þann hátt að nemendur skilja efnið og fá innsýn í það. Þeir taka góð dæmi og útskýra hlutina fyrir nemendum á máli sem þeir skilja. Nemendur voru líka almennt sammála um að þeir hefðu sjaldan tækifæri til að bregðast við efninu eða koma með athugasemdir.

Þá segja nemendur að langir skóladagar, skrifleg verkefnaskil og mikill heimalestur taki mest af tíma þeirra. Þess vegna hætta margir nemendur að vinna með skóla og að stunda tömistundastarf þegar þeir hefja framhaldsskólanám. Nemendurnir segja

samt að það sé mikilvægt að eiga eitthvert líf fyrir utan skólann til að gefast ekki upp.

Hvað er hægt að gera?

Í lok skýrslunnar eru settar fram nokkrar tillögur til úrbóta til að fleiri nemendur fái meira út úr framhaldsskólagöngunni. Þeim er beint til kennara, skólastjórnenda og menntamálayfirvalda.

Kennarar geta:

- Verið nákvæmir og sýnt nemendum til hvers er ætlast af þeim.
- Skoðað kennslu sína bæði út frá henni sjálfri og nemendahópnum. Vanið nemendur á að tjá sig um viðfangsefnið og segja frá því hvernig þeir skilja hugtök og viðfangsefni.
- Verið meðvitaðir um tungumálið sem notað er í verkefnaleiðbeiningum og endurgjöf fyrir verkefni og haft matið fremur leiðbeinandi en dæmandi.
- Lagt sig fram um að skapa gott námsandrámsloft í bekknum með því að vera þægilegir og glödværir og með því að ýta undir virkni nemenda í kennslustundum.

Skólastjórnendur geta:

- Veitt kennurum svigrúm í skólunum til skólaþróunar og hvatt þá til að starfa saman með því að gefa þeim tíma fyrir samráð og möguleika á að samkenna hópum.
- Auðveldað nemendum að hefja nám í framhaldsskóla með því að auka fræðslu í upphafi og styrkja umsjónarkennarastarfið og ekki síst með því að styðja við bakið á félagslífi nemenda.
- Skapað svigrúm fyrir kennara til

símenntunar með áherslu á tungumálið og nám nemenda. Ef kennarar fá aukinn skilning á bakgrunni nemenda og hvaða áhrif hann hefur á þá eru þeir betur í stakk búnir til að takast á við misjafnar þarfir þeirra.


Menntamálayfirvöld geta:

- Aukið fjármagn til framhaldsskólustigsins þannig að mögulegt sé að fjölga námsleiðum, kenna í minni hópum eða með fleiri kennurum í einu.
- Stutt rannsóknir á framhaldsskólustiginu og aukið fjármagn til endurmenntunar kennara.

Breytingar í vændum í íslenskum framhaldsskólum

Líklega hafa þeir sem starfa við framhaldsskóla á Íslandi ekki séð fram á jafn miklar breytingar á skólastiginu síðan áfangakerfið hélt innreið sína snemma á áttunda áratugnum. Ný lög um kennaramenntun og framhaldsskóla koma til með að hafa veruleg áhrif á skipulag og starfsemi framhaldsskólanna. Margt í rannsóknarniðurstöðunum sem vitnað er í hér að framan hefur sterkan samhljóð við íslenskan veruleika enda er brottfall verulegt vandamál hér. Íslenskir nemendur sem eru að hefja nám í framhaldsskóla eru ólíkir hvað varðar undirbúning, áhugamál, námsgetu og þroska rétt eins og þeir dönsku. Því getur verið áhugavert fyrir íslenskt skólafólk að fylgjast með hvernig nágrannaþjóðir okkar fara að og nýta sér það sem vel hefur gefist.

Framkvæmd nýrra laga mun reyna verulega á skólasamfélagið, kennara, kennaramenntunarstofnanir, menntamálayfirvöld og stjórnendur, bæði við skipulag skólustarfs



Heilu bækurnar eru skrifaðar um að hefja nám í framhaldsskóla og ekki að óseku.

og þróun nýrrar kennaramenntunar. Eitt af aðalmarkmiðum nýju framhaldsskólaganna er að minnka brottfall og bæta stöðu skóla til að sinna nemendum betur. Sífellt fleiri nemendur koma inn í framhaldsskólann sem þekkja lítið til hans og sú menning sem nemendur bera með sér verður æ fjölbreyttari.

Nauðsynlegt að rannsaka framhaldsskólann með hag nemenda að leiðarljósi

Framangreindar niðurstöður á danska framhaldsskólanum sýna okkur líka hversu mikilvægt er að rannsaka skólastarf á Íslandi með því að ræða við nemendur og kennara. Það hlýtur að vera forsenda þess að hægt sé að bæta íslenskt skólakerfi. Námskipulag ætti því að miðast við að bjóða fram fjölbreyttar námsleiðir og veita öllum tækifæri til að stunda nám við hæfi. Hvernig tekið er á móti nýjum nemendum getur skipt sköpum um hvort þeim tekst að fóta sig í námi og kannski ekki síður

félagslega. Því ætti að gæta þess að allir nemendur fái nægilega námsráðgjöf er þeir hefja nám og aðstoð til að takast á við námsferfiðleika. Það hlýtur að vera keppikefli okkar sem störfum við framhaldsskólana að gera námsumhverfi nemenda þannig úr garði að skólaganga þeirra verði árangursrík. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að auka rannsóknir á framhaldsskólastiginu og gefa kennurum tækifæri til að stunda símenntun og taka þátt í umbótavinnu í skólanum. Á þann hátt verður skólastarf ánægjulegra og gjöfulla fyrir alla og því er ekki úr vegi að hugleiða þessa þætti á þeim tíma sem skólastarf er að hefjast.

Anna María Gunnarsdóttir

Höfundur er formaður skólamálanefndar FF og fulltrúi félagsins í norrænu samstarfi.

Vox – raddbeiting: Námskeið í raddbeitingu kennara

Jóhanna Halldórsdóttir, söngkona og raddþjálfari býður kennurum upp á fræðslu í raddbeitingu. Skólavardan fékk Jóhönnu til að segja lesendum frá þessari þjálfun sem ætla má að sé mjög gagnleg fyrir fjölda kennara.

„Námskeiðin eru haldin í skólunum og mikill áhugi meðal kennara og skólastjórnenda að nýta þetta tækifæri. Námskeiðin eru í boði í september og október, í janúar og maí. Áhersla er lögð á grunnatriði heilbrigðrar raddbeitingar: líkamsstöðu, öndun og hljómgun raddarinnar. Efninu er fylgt eftir með góðum æfingum, sjálfsmati, upplestri og ráðgjöf. Það er sannað að við hlustum mun betur á þann sem býr yfir góðri raddbeitingu, skilaboð og leiðbeiningar komast einfaldlega betur til skila. Á námskeiðinu er jafnframt farið inn á hin óræðu og oft leyndu skilaboð sem felast í blæbrigðum, tón og tilfinningu orða okkar.

Rannsóknir sýna að kennarar eru sú stétt manna sem oftast forfallast vegna einhvers konar raddvandamála, svo sem langvarandi hæsis, raddþreytu og spennu. Þörfin er því vissulega til staðar og áhuginn líka. Ein leið til að bæta ástandið er að bjóða upp á slíka fræðslu. Önnur leið er að sjálfsögðu að bæta aðstæður eins og kostur er á hverjum stað. Það er til dæmis vitað að langvarandi krítarnotkun er mjög skaðleg fyrir röddina og veldur mörgum kennurum miklum óþægindum. Krítin er þó sem betur fer á undanhaldi en rannsóknir sýna að langvarandi notkun tússpena getur einnig verið varasöm. Því miður starfa sumir kennarar jafnframt við mjög óheppilegar aðstæður, vinna í stóru rými með erfiðan hljómburð. Við slíkar aðstæður er enn meiri þörf fyrir þekkingu á eðli raddarinnar og þeim grunnþáttum sem þurfa að virka til að hún haldist heilbrigð. Svo má bæta við að bekkjarsamsetning er mjög mismunandi og sumir kennarar þurfa einfaldlega að beita röddinni meira en aðrir. Þá er gott að vita hvernig best er að nota hana.“

Þeim kennurum og stjórnendum sem hafa áhuga á námskeiðinu er bent á að hafa samband við Jóhönnu, johanna_halldorsd@hotmail.com eða í síma 845 2149



Krítin getur farið illa í hálsinn og gott að hafa aðgang að annars konar töflutækni.

Viltu óskipta athygli?

Fullkomin
tækni fyrir
fundi,
kynningar
og mennta-
stofnanir

SMART
hugbúnaður
nú á íslensku

 **Varmás**
varmas.is

LISTIN AÐ LÆRA

Árlegt **málþing** Menntavísindasviðs
HÍ (áður KHÍ) verður haldið dagana
23. og 24. október kl. 14:00-17:00



Leikskólinn Hvammur

Hugborg Erlendsdóttir sérkennslu- og verkefnisstjóri segir frá hugtakinu forystuskóli, innleiðingu þess í Hafnarfirði og frá Hvammi, forystuskóla í markvissri málörvun með áherslu á tvítyngd börn.

Forystuskóli, hvað er það?

Forystuskóli er hugtak sem innleitt er og kynnt í skólastefnu Hafnarfjarðar (2005) en þar segir:

Aðstæður í skólaumhverfi Hafnarfjarðar verði þannig að einstaka skólum gefist kostur á að sækja um að sinna faglegri forystu, gerast forystuskóli, á ákveðnum sviðum og þeir verði styrktir sérstaklega til þess. Sérhver forystuskóli móti sína sérstöðu og sé reiðubúinn til að gegna ákveðnu ráðgjafarhlutverki og hafi frumkvæði að því að miðla reynslu og þekkingu sinni til annarra skóla. Símenntun starfsmanna forystuskóla taki mið af sérstöðu þeirra.

(Skólastefna Hafnarfjarðar, liður 1.7 inngangur)

Í ársbyrjun 2006 auglýsti skólaskrifstofa Hafnarfjarðar eftir umsóknum frá grunnskólum um að gerast forystuskólar. Við í leikskólanum Hvammi Hafnarfirði ákváðum að sækja um að gerast forystuskóli í markvissri málörvun með áherslu á tvítyngd börn. Undangengin ár höfðu margir nemendur leikskólans verið tvítyngdir. Verkefnið þótti okkur afar spennandi, við höfðum sinnt markvissri málörvun með góðum árangri og vorum, og erum enn, mjög faglega sterk. Einnig vorum við þess fullviss að þetta yrði eftirsóknarvert umbótaverkefni og áskorun fyrir starfsfólk leikskólans.

Þróun síðustu ára bendir til þess að tvítyngdum börnum á Íslandi fjölgi enn frekar í framtíðinni. Við tökum undir með Kolbrúnu Vigfúsdóttur (2002) þar sem hún segir: „Vitneskja um hvernig staðið er að íslenskukennslu tvítyngdra barna í leikskólum á Íslandi er lítil og sömuleiðis þekking á því hvernig slík kennsla fer fram“.

Börn sem ekki hafa íslensku að móðurmáli standa frammi fyrir því að læra nýtt tungumál þegar þau byrja í leikskóla. Við teljum að auka þurfi þekkingu leikskólakennara á því hvernig best er að kenna ungum börnum íslensku sem annað tungumál. Einnig er okkur ljós nauðsyn þess að skapa umhverfi sem örvar málþróun þeirra.

Öll tvítyngd börn skólans fá markvissa málörvun tvisvar til þrisvar sinnum í viku, tuttugu til þrjátíu mínútur í senn. Fylgst hefur verið með málþroska þeirra og hafa

hópstjórar barnanna fengið málþroskalista eftir Kolbrúnu Vigfúsdóttur. Farið er yfir listann og hann fylltur út jafnt og þétt yfir allan veturinn.

Íslenskur athugunarlisti, „Hljóm-2“, er lagður fyrir öll fimm ára börn í leikskólanum að hausti í því skyni að kanna hljóðkerfisvitund og málvitund þeirra. Þannig stuðlum við að snemmtækri íhlutun og vinnum fyrirbyggjandi starf síðasta árið í leikskólanum. Rannsóknir sýna að verulega er hægt að draga úr hættu á leshömlun með markvissri þjálfun á hljóðkerfisvitund barna. Þessi þáttur málþroskans hefur verið mikið rannsakaður undanfarna áratugi af fræðimönnum víða í Evrópu og Ameríku og niðurstöðum ber saman um að ákveðnir þættir málþroskans hafi veruleg áhrif á lestrarfærni. Á síðustu árum hafa íslenskar rannsóknir leitt til sömu niðurstöðu. Í rannsókn Ásthildar Snorradóttur (1999) þar sem hún athugaði hljóðkerfisvitund hjá sex ára börnum með og án lestrarörðugleika fannst marktæk fylgni allra þátta hljóðkerfisvitundar við lestur.

Verkefnið

Markmið forystuskólaverkefnis er að efla markvissa málörvun með áherslu á tvítyngd börn til þess að efla íslenskufærni nemenda í leikskólanum Hvammi:

- Efla markvissa íslenskukennslu og gera athuganir og skráningar þannig að fylgjast megi með málþróun barnanna.
- Efla fagþekkingu kennara skólans og stuðla að starfsþróun með því að fá inn aukna fræðslu í formi fyrirlestra, heimsóknna og lesturs fagbóka.
- Fylgjast með málþroska barnanna með því að leggja fyrir athuganir og gera í framhaldi af því ráðstafanir fyrir þau börn sem þurfa aukna aðstoð við máltöku.
- Auðvelda upphaf grunnskólagöngu með því að brúa bilið milli skólastiganna. Halda skilafundi með foreldrum og grunnskóla ef þurfa þykir.



Hugborg Erlendsdóttir

- Stuðla að góðri líðan og góðu aðgengi tvítyngdra barna að íslensku samfélagi með því að efla markvissit íslenskufærni þeirra.
- Fræða aðra um verkefnið með því að halda kynningarfundir, fyrirlestra og taka á móti kennurum annarra skóla.

Leiðir

Við ákváðum að velja tvö námskerfi, annars vegar „Bassa“ (Peabody) og hins vegar „Tölum saman“.

Bassi (Peabody)

Bassi Yngri börnin, frá þriggja ára hitta Bassa í Bassastund (Peabody) sem er bandarískt kennslukerfi sem hefur þann tilgang að efla tillifningalegan, vitrænan og málarslegan þroska barna. Uppistaðan í kerfinu eru fjórar handbrúður sem leiða kennsluna en eru þó aldrei í aðalhlutverki heldur aðstoða kennarann. Bassastundin er í formi leikja og er rauði þráðurinn í gegnum hana tjáning, að börnin hugsu, myndi sér skoðun, tali og ræði saman. Það er mikið sungið í þessum stundum og eru hreyfileikir líka mikið notaðir. Fimm tvítyngd börn eru í þessum stundum ásamt fimm öðrum börnum.

Tölum saman

Eldri börnin, þau sem eru á síðasta ári í leikskólanum, vinna verkefni úr „Tölum saman“ sem er málörvunarkerfi fyrir börn með mál-

proskaraskanir og tvítýngi. Það var gefið út 2005 af Ásthildi Bj. Snorraddóttur og Bjarteyju Sigurðardóttur og hentar mjög vel fyrir elstu börnin. Málörvunarkerfið byggist á ellefu köflum sem koma inn á þá þætti sem mikilvægir eru í málörvun elstu barnanna síðasta árið í leikskóla.

Minni málörvunarhópar

Þau börn sem hafa ekki náð góðu valdi á íslensku eru einnig í sérstökum málörvunartímum tvisvar til þrisvar í viku og þar er markvisst unnið eftir þörfum hvers barns.

Almennt leikskólastarf

Eins og áður hefur komið fram þá er leikskólinn vel búinn fagmenntuðu starfsfólki og fer gríðarlega mikilvæg málörvun fram bæði í hóptímum og í öllu daglegu starfi skólans. Hópstjórnarnir eru mikil mál-fyrirmynd barnanna og allt starfsfólk leikskólans er meðvitað um að leggja orð og setningar á hluti og athafnir ásamt því að endurtaka rétt það sem barnið segir án þess að leiðrétta það.

Kynningarstarf

Eitt af hlutverkum forystuskóla er að hafa „frumkvæði að því að miðla reynslu og þekkingu sinni til annara skóla“. Við höfum kynnt verkefnið á nokkrum stöðum t.d. á sameiginlegum starfsdegi leik- og grunnskóla í Hafnarfirði, á fundi hjá faghópi leikskólasérkennara, og á námstefnunni – Leiðir til árangurs í Kennaraháskóla Íslands. Við fáum fjölda gesta sem koma til að skoða skólafarfið og kynnast verkefninu okkar.

Skólaskrifstofan

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar hefur stutt ötullega við bakið á forystuskólunum. Haldin voru námskeið að vetri um hlutverk verkefnisstjóra sem Vigfús Hallgrímsson þróunarfulltrúi grunnskóla Hafnarfjarðar hefur séð um ásamt Sigurborgu Kristjánsdóttur þróunarfulltrúa leikskóla Hafnarfjarðar. Síðastliðinn vetur voru haldin fjögur námskeið ásamt umræðum um forystuskólaverkefnið og leiðsögn um hlutverk verkefnisstjórnunar. Hvernig við getum eftir okkur sem fagmenn og verkefnisstjórar, aukið kennaravirkni, notað gagnaöflun til mats og þróunar á starfinu. Sigrún Stefánsdóttir fjölmiðlafræðingur kom með fyrirlestur um hvernig við getum gert skólafarfið sýnilegra. Á síðasta námskeiðsdegi vetrarins útbjuggum við rafræna könnun þar sem sameiginleg atriði eru höfð sem grunnur og hver skóli hefur síðan möguleika á að bæta við spurningum. Könnunin verður lögð fyrir starfsfólk leikskólans nú í vor til að kanna virkni starfsfólksins og viðhorf til verkefnisins.

Það er einnig mikilvægt að hitta aðra verkefnisstjóra forystuskóla, ræða málin og bera saman bækur okkar. Í vetrarlok skilar hver skóli ítarlegri skýrslu um verkefnið ásamt áætlun fyrir næsta vetur.

Frekari upplýsingar um skólann og verkefnið má finna á heimasíðu skólans. Slóðin er: www.leikskolinn.is/hvammur.

Hugborg Erlendsdóttir

Höfundur er sérkennslu- og verkefnisstjóri.

- Talnaleikni og reikningur - - Máhljóð, lestur og skrift -

Kennsla og þjálfun

Einstaklingar eða litlir hópar

Fyrir:

- börn og fullorðna
- byrjendur og lengra komna
- lesblinda og reikniblinda
- þá sem þurfa almenna leiðrétandi hjálp, eða
- mjög sértæka þjónustu, s.s. börn með einhverfu

- þá sem eru af erlendum uppruna:
Þjálfun máhljóða; heyrn, framburður og ritun

Kennslutækni:

- Bein fyrirmæli (*Direct instruction*)
- Hnitmiðuð færniþjálfun og mælingar (*Precision teaching*)
- Stöðluð hröðunarkort (*Standard Celeration Charts*)
- Hraðflettispil (*SAFMEDS*)
- Talnafjölskyldur (*Fact families*)
- Lausnaleit í heyranda hljóði (*Talk aloud problem solving*)
- Smellapjálfun (*Clicker training; tag teach*)

Fínstillt er að þörfum nemandans
Námsaukinn er mældur í hverjum tíma
Heimakennsla er veitt á höfuðborgarsvæðinu

Nái nemandinn ekki settu marki er þóknun endurgreidd

En hvernig er þetta gert?

Kynningar um allt land
fyrir foreldra, kennara, skóla, og aðra hagsmunaaðila:
Erindi, námssmiðjur, ráðgjöf, handleiðsla, eftirfylgd

Einnig er hægt að panta bleiku möppuna:
Griptu til góðra ráða.
Vísir að handbók um atferlisstjórnun handa foreldrum, kennurum og ráðgjöfum í skólapijónustu

Þjónusta í heimabyggð



Guðriður Adda Ragnarsdóttir
atferlisfræðingur og kennari

Atferlisgreining og kennsluráðgjöf

Sími og fax 562 14 67, adda@ismennt.is

Geymið auglýsinguna

Heimspeki fyrir þig – ný bók

Í ágúst kom út ný kennslubók í heimspeki, **Heimspeki fyrir þig**, eftir Ármann Halldórsson og Róbert Jack. Hér segja höfundar blaðamanni stuttlega frá bókinni en lítið er til af íslenskum kennslugögnum í heimspeki fyrir nemendur í grunn- og framhaldsskólum.

Hvers vegna kennslubók í heimspeki?

Ármann: Þegar ég byrjaði að kenna heimspeki sem valgrein við Verzlunarskólann rak ég mig á að ekki var mikið til af góðu og hentugu lesefni á íslensku fyrir kennsluna. Margir þeir sem kennt hafa í framhaldsskólum hafa svipaða reynslu.

Róbert: Sama gerðist þegar ég byrjaði að kenna heimspeki á Ísafirði. Það var ekki til hentug kennslubók og ég fór út í að ljósrita greinar eftir hina og þessa. Svo komst ég að því að þessar greinar voru margar of þungar og tormeltar til að gagnast vel sem fóður fyrir frjóa heimspekikennslu. Heimspekikennsla í grunn- og framhaldsskólum á ekki endilega að snúast fyrst og fremst um hvað fræðimennirnir segja heldur um að vekja nemendur til frjórrar, gagnrýnnar og skapandi hugsunar.

Ármann: Svo um haustið 2003 kenndum við saman heimspeki í Versló og vorum þá báðir með hugmyndina að þessari bók í kollinum og höfumst handa við að skrifa hana samhliða kennslunni. Efnid hefur því verið unnið í nánum tengslum við kennsluna.

Getið þið útskýrt betur tengsl bókar og kennslu?

Ármann: Eitt af því sem nemendur óttast gjarnan við heimspeki er að hér sé á ferðinni enn meiri saga og upptalning á körlum og ártölum. Því er grundvallaratriði að nálgun okkar sé efnisleg, þ.e. að heimspekin stígi fram sem glíma við raunveruleg, mikilsverð og sígild viðfangsefni þar sem sjónarmið allra tíma eru tekin með.

Róbert: Já, en áhersluatriði er þetta með raunveruleika viðfangsefnanna fyrir nemendur á 21. öld. Sumt er einfaldlega skemmtilegt og getur virkað þótt það sé ekki beint aktuelt, en langar fræðilegar þælingar um efni sem ekki er lifandi fyrir fólki almennt á okkar tímum er ekki það sem við höfum fram að færa. Þannig erum við ekki að reyna að koma á framfæri sannleikanum um sögu heimspekinnar heldur að nota hugmyndir heimspekinganna til að skoða og skilja veruleikann sem við blasir.

Ármann: Einmitt, heimspekinám eins og við viljum hafa það byggist fyrst og fremst á samræðum. Við höfum beitt aðferðum barnaheimspeki, sem byggist á að hópurinn

Róbert og Ármann



Ljósmyndari: Arnaldur Halldórsson.

fer rækilega í gegnum texta saman, og jafnframt ýmsum aðferðum úr smiðju heimspekiiðkunar sem Róbert fjallar m.a. um í bók sinni *Hversdagsheimspeki*.

Róbert: Heimspekingar hafa á undanförunum árum mótað nýjar aðferðir við að ræða heimspekilega við fólk. Við höfum verið að þróa þessar aðferðir í kennslustofunni, aðallega samræður heimspekikaffihússins og sókratíska samræðu, en væntanleg er grein eftir Ármann um notkun síðarnefndu aðferðarinnar í kennslu.

Hvernig hentar bókinn þeim sem kjósa hefðbundnari nálgun í kennslu?

Róbert: Texti bókunnar er ekki háður kennsluáðferðinni og hún er ágætlega fallin til þess að prófa úr henni. Í henni er að finna flest grunnatriði heimspekisögunnar, en við reynum hins vegar að lýsa fáum ólíkum hugmyndum sæmilega vel og á sannfærandi hátt í stað þess að lýsa mörgu yfirborðslega. Þannig gefst færi á að taka það til raunverulegrar skoðunar út frá reynslu nemenda.

Er staða heimspekinnar í skólakerfinu ekki frekar veik?

Ármann: Jú, kannski. Greinin er einungis í boði sem valgrein í fáeinum framhaldsskólum og undir hælinn lagt hvort hún sé kennd frá önn til annar. Helst er það svo

að heimspeki sé í boði nokkuð stöðugt í skólum þar sem kraftmiklir kennarar hafa unnið henni fylgi, eins og í Menntaskólanum við Hamrahlíð og í Borgarholtsskóla. Í gildandi námskrá er greininni ekki gert hátt undir höfði, þó að reyndar hafi nýlega opnast möguleiki á að taka heimspeki sem kjörsvið á félagsfræðibraut og hafa nokkrir nemendur nýtt sér það og tekið þrjá áfanga í fjarnámi hjá mér í Versló. Í grunnskólum hefur heimspekin með svipuðum hætti verið sterk þar sem áhugasamir kennarar hafa kennt hana, eins og í Garðaskóla, Laugalækjarskóla og Réttarholtsskóla. Heimspekilegum aðferðum hefur líka verið beitt í leikskólum og er það starf mjög spennandi og áhugavert.

Róbert: Við höfum ekki áhyggjur af framtíð heimspekikennslu. Heimspeki er í vissum skilningi fyrsta fræðigreinin og sú sem leggur grunninn að öðrum greinum. Það er því óviðeigandi að henni skuli ekki hafa verið gert hærra undir höfði, auk þess sem áhugi á heimspeki er almennur í okkar samfélagi. Við vonumst til þess að með aðgengilegri og hentugri kennslubók fjölgi þeim kennurum sem vilja kenna heimspeki enda er áhugi nemenda fyrir hendi.



Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsgaga

Hautnámsskeið á vegum félagsins **Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsgaga**.
Námsskeiðin verða haldin í íþróttamiðstöðinni Laugum í Reykjavík.

Sjálfstjórn I (Control Theory W. Glasser) Leiðbeinandi Judy Anderson. Einkum fjallað um eðli og ástæður mannlegrar hegðunar samkvæmt líkani Williams Glasser, en jafnframt tengt við hagnýtingu þeirrar þekkingar við uppstokkun agamála í skólum. (Aðferðir Uppbyggingar skv. Diane Gossen).

Tími: 24.-25. sept, frá 9-16 hvorn dag.

Verð: 20. 000 krónur

Uppbygging I (Restitution I) Sérstaklega hugsað fyrir starfsfólk leikskóla. Leiðbeinandi Judy Anderson. Fjallað verður um hvernig leikskólar geta nýtt sér aðferðir og hugmyndir Uppbyggingar í samskiptum og ráðgjöf.

Tími: 27. september frá 9-16.

Verð: 10.000 krónur

Verkefnisstjóri (Facilitator) Námskeið sérstaklega ætlað þeim starfsmönnum sem hafa það hlutverk að auðvelda innleiðingu í skólum og uppeldisstofnunum. Leiðbeinandi Judy Anderson. Þetta námskeið verður haldið að Eyvindarholti á Álftanesi.

Tími: 2. okt. frá 9 – 16.

Verð: 10.000 krónur.

Félagsmenn Uppeldis til ábyrgðar – uppbyggingar sjálfsgaga fá 10% afslátt á öll námskeiðin. Skráningar á námskeiðin fara fram á netfanginu jonaben@simnet.is. Vakin er athygli á að takmarkaður fjöldi kemst á hvert námskeið.

Einfalt og þægilegt



Finnsku Muurikka pönnurnar og Opa hlóða-pottar og -katlar, ásamt hinum vestfirsku Hlóðaleggjum, eru upplagðir til kennslu í útieldun.

Öll áhöldin eru sérstaklega hönnuð til nota við útieldun og eru einstaklega einföld í meðhöndlun.

Vörurnar frá Opa hafa verið framleiddar frá 1930 og Muurikka pönnurnar frá 1970 en hvort tveggja nýtur vaxandi vinsælda um um allan heim.

www.muurikka.is
sími 897 4573

MUURIKKA

Söngleikir í Grundaskóla



Flosi Einarsson

Söngleikjahald í Grundaskóla á Akranesi hefur vakið athygli á landsvísi og raunar víðar því skólinn hefur verið í samstarfi við ítalska, sænska og tyrkneska skóla. **Flosi Einarsson** er einn þeirra kennara sem eiga veg og vanda af söngleikjunum og hefur meðal annars samið handrit og tónlist ásamt samstarfsmönnum. Flosi leiðir hér lesendur í allan sannleika um hvers vegna söngleikir eiga heima í skólastarfi og býður alla velkomna á nýjan söngleik, **Vítahring**, sem verður frumsýndur í október.

Sögulegt yfirlit

Í Grundaskóla á Akranesi hafa list- og verkgreinar alla tíð verið mikilvægur hluti skólastarfsins. Það hefur verið trú manna að sú sköpun og þjálfun sem fram fer í þessum greinum sé mjög mikilvægur þáttur í vinnu nemenda. Mikil áhersla hefur verið lögð á að nemendum í öllum árgöngum skólans bjóðist sem fjölbreyttust kennsla á þessu sviði. Mörg verkefni hafa verið unnin í gegnum tíðina, allt frá smáum þemaverkefnum innan árganga yfir í stærri verkefni þar sem árgöngum hefur verið blandað saman.

Tónmennt hefur frá upphafi verið kennd í öllum árgöngum og leiklistarkennsla hefur með ári hverju orðið fyrirferðarmeiri í skólastarfinu. Lengi hafði staðið til að ráðast í að setja upp söngleik með nemendum í 8.-10 bekk en það varð fyrst að veruleika árið 2002 er söngleikurinn *Frelsi* eftir Flosa Einarsson og Gunnar Sturlu Hervarsson var frumsýndur í skólanum. Strax var ákveðið að reyna að virkja sem flesta nemendur og mikill metnaður var lagður í uppsetninguna og frumsamin tónlist gefin út á geisladiski.

Við höfðum ýmsar væntingar fyrirfram um hvað við vildum fá út úr þessari vinnu en okkur grunaði ekki hversu miklu þetta myndi skila fyrir þátttakendur og skólann í heild. Það var því sjálfgefið að halda þessari vinnu áfram en ákveðið að hæfilegt væri að ráðast í slíkt verkefni þriðja hvert skólaár. Síðan þá hafa tveir söngleikir í viðbót verið settir upp en þeir heita *Hunangsflugur* og *Villikettir* eftir Einar Viðarsson, Flosa Einarsson og Gunnar Sturlu Hervarsson (2005) og síðan söngleikurinn *Draumaleit* (2007). *Draumaleit* var reyndar hluti af Comeniusarverkefni sem unnið var í samstarfi við kennara og nemendur frá Svíþjóð, Tyrklandi og Ítalíu (nánari upplýsingar á bridgeofmusicals.net).



Hvers vegna söngleikur?

Jákvæð og ný upplifun

Það er ljóst að uppsetning á frumsömdum söngleik er kostnaðarsöm og vinnan sem kennarar og nemendur leggja á sig er ómæld. Því gæti margur spurt hvers vegna við höfum trú á svona verkefnum.

Einn stærsti ávinningurinn er sá að nemendur kynnast mjög vel og upplifa hver annan á nýjan hátt og áður ókunnir hæfileikar líta dagsins ljós. Hægt er að nefna mörg dæmi um nemendur sem ekki hafa náð góðum árangri í hefðbundnu námi en hafa slegið í gegn í söng- og leikhlutverkum sínum, sem tæknimenn eða í annarri vinnu sem fellur til í tengslum við uppsetninguna. Enn fremur hafa margir nemendur sem ekki hafa áður fengið tækifæri í hópnum öðlast virðingu hans í gegnum framgöngu sína í söngleiknum. Þá hafa nemendur sem enginn hafði hugmynd um að gætu sungið, dansað eða leikið, vakið verðskuldaða athygli.

Gaman væri að segja frá mörgum einstökum tilvikum en kannski kemur eitt besta dæmið úr söngleiknum *Draumaleit*. Eins og áður sagði var um alþjóðlegt verkefni að ræða og lokatakmarkið þar var sýning sem fram fór í Stokkhólmi í desember 2007. Í þeirri sýningu stigu á svið nemendur frá Íslandi, Svíþjóð, Tyrklandi og Ítalíu eftir að hafa æft saman í tæpa viku. Meðan á

Oft er talað um að í íslenskum skólum skorti aga og virðingu. Það sem nemendur læra af því að taka þátt í svona uppsetningu er einmitt að bera virðingu fyrir þeim sem stjórna verkinu og taka tillit til allra í kringum sig því svona verkefni byggist á samstöðu og þeirri staðreynd að allir verða að skila sínu hvort sem hlutverk þeirra er smátt eða stórt, uppi á sviði eða utan þess.

æfingatímabilinu stóð þurfti að yfirstíga ýmis vandamál og eitt þeirra var að tyrknesku nemendurnir skildu illa ensku sem við notuðum til samskipta. Góð ráð voru dýr en sænsku kennurum hugkvæmdist að fá tyrknesk ættaðan dreng úr sínum skóla, sem jafnframt talaði sænsku, til að túlka fyrir samlanda sína. Þessi sami drengur hafði verið til mikilla vandræða í skólanum vegna hegðunarvandamála og hafði fram að þessu ekkert komið nálægt uppsetningunni.



Þegar hann hins vegar var ráðinn í þetta mikilvæga hlutverk breyttist viðhorf hans og hann leysti verkefnið frábærlega vel. Skólinn færði honum veglega þakkargjöf fyrir vikið og síðan þá hefur hann verið eins og nýr nemandi.

Í slíkri vinnu virðist einnig myndast sterk samkennd í hópnum þar sem nemendur eru allir að vinna saman að einu lokatakmarki og oftast en ekki upplifa nemendur skólann sinn á jákvæðari hátt en áður.

Metnaður, agi, tillitssemi og virðing

Ein meginástæða þess að við náum oft ekki að framkalla nægan metnað og vandvirkni hjá nemendum okkar í hefðbundnum námsgreinum er sú að þeir sjá engan augljósan tilgang í því að læra það sem við ætlumst til af þeim. Tilgangurinn er hins vegar alveg á hreinu þegar nemendur fá ákveðin hlutverk í uppsetningu söngleiks. Þeir sem syngja þurfa að gera það eins vel og hægt er vegna þess að afurðin lendir á geisladiski sem margir eiga eftir að eignast. Framsögn og upplestur þurfa að vera í lagi því annars munu áhorfendur ekki skilja það sem fer fram á sviðinu.

Oft er talað um að í íslenskum skólum skorti aga og virðingu. Það sem nemendur læra af því að taka þátt í svona uppsetningu er einmitt að bera virðingu fyrir þeim sem stjórna verkinu og taka tillit til allra í kringum sig því svona verkefni byggist á samstöðu og þeirri staðreynd að allir verða að skila sínu hvort sem hlutverk þeirra er smátt eða stórt, uppi á sviði eða utan þess. Nemandi sem mætir of seint á æfingu tefur allan hópinn, sá sem tekur að sér að útvega búninga eða leikmuni verður að gera það fyrir tilsettan tíma og svona mætti lengi halda áfram. Í hefðbundnu námi höfum við ekki alltaf sýnilegt lokatakmark sem skiptir nemendum einhverju máli en hins vegar er alveg augljóst að frumsýning söngleiks á

áður auglýstum degi verður að fara fram og allir þátttakendur eru sammála um að þeir megi ekki bregðast til að því takmarki verði náð.

Er lokaafurðin mikilvæg?

Leiklistarkennsla virðist hafa aukist í íslenskum grunnskólum á síðustu árum og sífellt fleiri skólar hafa ráðist í að setja upp leikrit og söngleiki í fullri lengd. Í umræðu um tilgang og markmið með slíkri vinnu hafa verið ýmsar skoðanir á lofti og margir viljað meina að við ættum kannski að horfa meira á leikræna tjáningu sem mikilvægan þátt í skólastarfinu en líta á lokaafurðina sem aukaatriði og einblína á að leyfa sem flestum að vera með. Ég tel að við eigum að gera hvort tveggja. Mín skoðun er sú að leiklist og leikræn tjáning eigi að vera hluti af vinnu í öllum árgöngum grunnskólans. Að sjálfsgöðu á markmiðið að vera að virkja sem flesta og stefnan skal tekin á að nemendur verði færari í að tjá sig, æfa framsögn og efla sköpunargáfu. Hins vegar finnst mér mikilvægt að skólar geti ráðist í afmörkuð verkefni eins og t.d. að setja upp söngleik með nemendum í unglingadeild þar sem úrvalshópur kemur við sögu.

Sú reynsla sem við höfum af uppsetningu þriggja stórra söngleikja í Grundaskóla er að þótt færri komist að en vilja þá verður upplifun skólans í heild afar jákvæð. Við höfum reynt að hafa efni söngleikjanna þess eðlis að hægt sé að nýta það í öllu skólastarfi. Söngleikurinn Frelsi fjallaði t.d. um einelti og mikilvægi þess að vera góður vinur. Hunangsflugur og Villikettir var byggður á svipmyndum úr sögu Akraness á 7. áratugnum. Söngleikurinn Draumaleit fjallaði um það tímabil í sögunni er fólk frá flestum heimshornum flyktist til Bandaríkjanna í leit að betra lífi. Með því að gefa út tónlistina á geisladiski hafa kennarar getað kynnt hana fyrir öllum árgöngum skólans og



notað lögin og efnivið þeirra í margs konar vinnu með nemendum. Með þessum hætti hefur okkur tekist að gera söngleikina að skólaverkefnum sem skólinn í heild hefur staðið fyrir.

Vítahringur – nýjasti söngleikurinn

Í október 2008 verður frumsýndur nýr söngleikur í Grundaskóla sem ber heitið Vítahringur og er hann byggður á skáldsögu eftir Kristínu Steinsdóttur sem sækir söguefnið í Harðar sögu Hólmverja. Handrit söngleiksins er eins og áður eftir Einar, Flosa og Gunnar Sturlu sem og frumsamin tónlistin sem einnig mun koma út á geisladiski.

Harðar saga Hólmverja sem sagan byggist á er örlagasaga Harðar Grímkelssonar en söngleikurinn líkt og saga Kristínar fjallar meira um Grímkel son Harðar og hvernig hann upplifir það stríðsástand er ríkir í lífi hans. Einnig kemur ástin við sögu og galdrar og forynjur eru ekki langt undan. Tilgangurinn er að reyna að kveikja áhuga nemenda á bakgrunni þeirra og fornþekkingu auk þess sem fjallað er um hina sígildu spurningu: Hvers vegna getur ekki ríkt friður í heiminum?

Er það einnig ætlun höfundanna að ganga þannig frá handriti og tónlist að aðrir skólar geti nýtt sér afurðina ef áhugi er fyrir hendi. Jafnframt er markmiðið að þróa námsefni út frá þessum söngleik sem hægt verði að nota á miðstigi og upp í unglingadeild.

Það er deginum ljósara að nemendur og kennarar í unglingadeild Grundaskóla verða að láta hendur standa fram úr ermum á haustdögum því frumsýning á Vítahring verður um miðjan október. Verið öll velkomin á sýningu í Grundaskóla.

Flosi Einarsson

Höfundur er kennari í Grundaskóla.

Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga

„Hvað viltu gera? Hvað ertu að gera? Gengur það vel? Geturðu fundið betri leið?“ Þetta eru lykilspurningar í uppbyggingarstefnunni í skólalastarfi. Jóna Benediktsdóttir er ein þeirra sem hafa kynnt sér stefnuna og unnið að framgangi hennar hérlendis. Skólavardan fékk Jónu til að segja lesendum frá því í hverju stefnan felst, en námskeið um hana verða haldin á Ísafirði í lok september. Nánari upplýsingar um þau eru hér í blaðinu og á www.ki.is



Ljósmynd frá höfundri

Jóna Benediktsdóttir

Í þessari grein verður fjallað um uppeldis-stefnuna Uppeldi til ábyrgðar – uppbyggingu sjálfsaga. Sú stefna hefur verið að ryðja sér til rúms í mörgum íslenskum leik – og grunnskólum á undanförunum árum og nú hafa hátt í fimmtíu skólaflokkar tekið þessa starfshætti upp.

Grunnur hugmyndafræðinnar

Grunnur hugmyndafræði *Uppeldis til ábyrgðar – uppbyggingu sjálfsaga* byggir á sjálfstjórnarkenningu dr. William Glasser, en hann fæddist árið 1925 í Bandaríkjunum. Hann setti fram kenningu sem útskýrir mannlega hegðun, *Reality Therapy*, árið 1965, en þar hafnar hann ytri stýringu sem almennri skýringu á hegðun. Hann hefur síðan breytt kenningunni nokkuð í árána rás og eftir því í hvaða samhengi hún er notuð.

Glasser er einn margra fræðimanna sem andmæla því sem kallað hefur verið læknis-fræðilegt líkan í geðheilbrigði. Hann telur að kenna þurfi fólki að eiga góð samskipti við aðra og það verði ekki gert með lyfjum, aðeins með ráðgjöf. Glasser hefur skrifað nokkrar bækur um hvernig skólakerfið getur nýtt sér kenningu hans til að fá fleiri nemendur til vinna vel í skólanum. Lesa má nánar um Glasser, störf hans og þá stofnun sem rekin er í nafni hans á vefnum wglasser.com

Skólakerfið

Diane Gossen er kanadískur sálfræðingur og kennari sem ferðast og kennir víða um heim. Hún hefur þróað og útfært hugmyndir Glassers um hegðun þannig að þær megi nota í skólalastarfi til hagsbóta bæði fyrir einstaklinginn og heildina. Í verkum sínum styðst hún einnig við nýjar kenningar um nám og heilastarfsemi. Útfærsla Gossen er notuð í skólum víða um heim og margir skólar á Íslandi hafa tekið þessa stefnu upp. Gossen telur að öll hegðun nemenda hafi tilgang, að hún sé þeirra besta leið í aðstæðum hverju

sinni til að uppfylla þarfir sínar. Ef við ætlum að fá nemendur til að breyta hegðun sinni verðum við að skilja hvaða þörfum þeir eru að fullnægja og hjálpa þeim við að finna betri og uppbyggilegri leiðir til að ná árangri í því sem þeir eru að gera.

Sýn Gossen á tilveruna byggist á að hver manneskja sé sérstök, við upplifum heiminn í kringum okkur á ólíkan hátt því skynjun okkar og reynsla er mismunandi. Hún gengur einnig út frá því að hver maður geti aðeins stjórnað sjálfum sér og telur að mjög mörg þeirra hegðunarvandamála sem við glímum við í skólum séu einmitt vegna misheppnaðra tilrauna barna til að stjórna eigin lífi.

Uppeldi til ábyrgðar gengur út á að nota áhrif en ekki vald í samskiptum og að veita fólki eins mikið frelsi og hægt er án þess að skerða frelsi annarra. Við viljum ekki að

Öll hegðun nemenda hefur tilgang og hún er þeirra besta leið í aðstæðum hverju sinni til að uppfylla þarfir sínar. Ef við ætlum að fá nemendur til að breyta hegðun sinni verðum við að skilja hvaða þörfum þeir eru að fullnægja og hjálpa þeim við að finna betri og uppbyggilegri leiðir til að ná árangri í því sem þeir eru að gera.





börn hagi sér vel aðeins til að öðlast eitthvað eftirsóknarvert eða til að sleppa við refsingar heldur vegna eigin sjálfsvirðingar og virðingar fyrir öðrum og vegna þess að þau viti hver áhrif gerða þeirra eru. Ef unnið er út frá því að eina hegðunin sem maður getur stjórnað sé manns eigin hegðun verður vald í samskiptum gagnslaut. Kannski er hægt að þvinga fólk til að gera það sem það vill ekki en þá hafa engar framfarir orðið í persónuleika einstaklingsins. Þessi hugsun krefst þess að kennari móti stjórnunaraðferðir sínar í bekk út frá nýjum forsendum. Hann verður að sannfæra nemendur sína um hvað þeir þurfa að gera og hvernig þeir þurfa að hegða sér án þess að skipa þeim fyrir.

Nemendurnir verða að vilja sjálfir haga sér þannig að þeim gagnist kennslan og að þeir geti átt í jákvæðum samskiptum við samferðamenn sína. Lykilatriði er að kenna fólk að lagfæra þau mistök sem það gerir og læra af þeim og hvetja hvern og einn til að hugsa um að vera sú manneskja sem maður vill vera. Áhersla er einnig lögð á að menn skilji sínar eigin þarfir og læri að uppfylla þær á jákvæðan hátt. Ef við vitum hverjar þarfir okkar eru eigum við auðveldara með að uppfylla þær. Þrátt fyrir hversu ólík við erum reynast grundvallargildi okkar mjög svipuð. Allir menn vilja til dæmis búa við öryggi og njóta virðingar annarra.

Gossen kennir starfsmönnum skóla að beina sjónum að lagfæringu í stað þess að hugsa um það sem var rangt og huga að því hvernig persónan sem gerði mistök getur komið sterkari og jákvæðari út, minnug þess að fólk getur ekki breytt því sem það hefur þegar gert, heldur aðeins því hvernig það bregst við næst.

Ábyrg hegðun er enn meiri nauðsyn nú á dögum þegar við ráðum yfir þekkingu sem getur haft grundvallaráhrif á afkomu alls mannkyns á skammri stundu.

Unnið með starfsmannahópum

Í þeim skólum sem vinna samkvæmt þessari nálgun þurfa starfsmenn að koma sér saman um hvernig skólabrag þeir vilja móta. Við alla skilgreiningarvinnu starfsmanna er lögð megináhersla á samvinnu og að öllum gefist tækifæri til að taka þátt í að móta stefnuna. Lykilatriði er að vinna á þann hátt að hópurinn sem slíkur nái sameiginlegri niðurstöðu um þau mál sem eru til umfjöllunar hverju sinni. Gossen hefur útfært líkan til að nota við slíka vinnu. Starfsmenn þurfa að velja hvaða gildi í samskiptum eru mikilvæg í starfi skólans. Eftir að gildin hafa verið valin eru þau skilgreind þannig að allir viti hvað skólinn ætlar að standa vörð um. Þar sem *Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga* leggur meðal annars áherslu á að auka frelsi nemenda og færa þeim aukna ábyrgð á eigin hegðun þarf starfsmannahópurinn að vera sammála um hvenær einhver gengur þannig á rétt annarra að ekki verði við unað. Það felur í

sér að starfsmenn skilgreina hvers konar hegðun þeir meta sem óásættanlega. Þær skilgreiningar eru notaðar sem skýr mörk í samskiptum við nemendur. Yfirleitt er þar um að ræða hegðun sem við erum öll sammála um að við getum ekki liðið í samfélagi okkar. Þessi vinna leiðir til þess að starfsmenn hafa skilgreint sín eigin gildi og hvers konar hegðun og framkoma þeim finnst mikilvæg og hefur þannig uppbyggjandi áhrif fyrir einstaklingana um leið og hópinn. Í því verklagi sem Gossen leggur skólum til felst einnig að skilgreina hlutverk hinna ýmsu ólíku starfsstétta í skólum, það verður til þess að minnka núning í skólasamfélaginu þar sem allir verða þá meðvitaðir um sitt hlutverk. Einnig leggur Gossen til tiltekna leiðir fyrir starfsfólk til að leysa úr ágreiningsmálum sem miða við að uppfylla ólíkar þarfir starfsmanna en þó ekki endilega þannig að aðilar fái það sem þeir vilja helst, heldur það sem mætir þörfum þeirra á þann hátt sem stofnuninni er fær.



Vinna með nemendum

Ef unnið er eftir stefnu Gossen þarf kennarinn að hugsa um að byggja upp jákvætt sjálfs-mat hjá nemendum með því að spyrja þá spurninga sem hvetja þá til að upplifa sjálfa sig á jákvæðan hátt. Hann þarf að ræða um slæma hegðun eða mistök, sýna skilning á hegðuninni en hvetja nemendur til að finna sjálfir leiðir til að uppfylla þarfir sínar án þess að trufla aðra. Allt ber hér að sama brunni, það er að hvetja nemendur áfram bæði í námi og hegðun með jákvæðum hætti en ekki að reyna að stjórna þeim með þvingunum. Góð sjálfsmynd og vitneskja um að maður hafi sjálfur áhrif á hvernig líf manns þróast hjálpar fólki til að taka ábyrgð á eigin lífi.

Nemendur eru kenndar undirstöðu-hugmyndir úr sjálfstjórnarkenningu Glassers. Bekkir vinna í sameiningu að því að velja lífsgildi sem þeim finnast mikilvæg og skilgreina hvernig hægt er að verja þau gildi sem hafa verið valin með ákveðinni framkomu. Nemendur læra um félagslegar grunnþarfir og finna leiðir til að hver einstaklingur geti uppfyllt þarfir sínar án þess að trufla þarfir annarra. Nemendur eru einnig kenndar leiðir til að leysa úr ágreiningsmálum og þeir fá tækifæri til að æfa sig í þeim.

Vinna með foreldrum

Misjafnt er hvernig skólar útfæra þátt heimila og samfélags í þessari vinnu. Nokkur umræða skilar sér alltaf heim með nemendum. Þeir vinna einnig verkefni í samvinnu við fjölskyldu sína um mikilvæg lífsgildi og stundum um hlutverk á heimilum. Við þá

vinnu sjá foreldrar oft stöðu sína og barna sinna í nýju ljósi, sum börn eru einungis þiggiðir á heimili sínu en hafa engum skyldum að gegna, þetta veitir fjölskyldum tækifæri til að breyta því mynstri því það að hafa ekkert hlutverk getur ekki verið uppbyggilegt fyrir sjálfsmynd einstaklings. Sumir skólar skilgreina hlutverk foreldra og hlutverk skóla í samvinnu á haustfundum með foreldrum. Einnig er rætt um stefnuna og grunnhugmyndir hennar á foreldra-kynningum.

Til að skólar geti tekið þessa hugmyndafræði upp og unnið samkvæmt henni þarf starfsfólk skólanna að fá leiðbeinandi námskeið bæði í hugmyndafræðinni og vinnubrögðunum. Nokkrir íslenskir kennarar hafa þegar öðlast réttindi sem leiðbeinendur í Uppeldi til ábyrgðar. Gefnar hafa verið út nokkar bækur á íslensku um hvernig skólar geta nýtt sér þessa hugmyndafræði og hefur Magni Hjálmarsson kennari og námsráðgjafi séð um útgáfu þeirra. Magni heldur úti heimasíðunni www.sunnuhvoll.com

Margar erlendar bækur eru einnig fáanlegar um þetta efni og þau vinnubrögð sem eru æskileg til að ná markmiðunum sem stefnt er að fyrir einstaklinga og samfélög með þessum hugsunarhætti og ber þar fyrst að nefna bækur eftir Diane Gossen og samstarfskonu hennar Judy Anderson. Frekari upplýsingar um verk þeirra má fá á síðunni www.realrestitution.com

Að lokum

Breytingar í þjóðfélaginu eru örvar og við vitum ekki hvað bíður þeirra eftir tuttugu ár sem nú eru nemendur okkar. Menntun

á meðal annars að snúast um að fá fólk til að sýna ábyrga hegðun fremur en að reyna að nota valdbeitingu í samskiptum við aðra. Þetta á bæði við um þá sem beita valdi og hina sem láta teyma sig. Það hlýtur að vera skynsamlegt að fá fólk til að hugsa um hver áhrif hegðun þess hefur á annað fólk og hvort það nær markmiðum sínum með framkomu sinni. Við erum oft föst í hegðun sem við þekkjum og beitum henni aftur og aftur jafnvel þó svo að fyrri tilraunir hafi ekki borið árangur og við vitum innst inni að endurtekning á sömu hegðun eða aðgerðum muni ekki gera það heldur.

Meginatriði í þessari uppeldisstefnu er að við berum sjálf ábyrgð á líðan okkar og hegðun. Börn og unglingar eru hins vegar á ábyrgð hinna fullorðna og dvelja mikinn hluta tíma síns í skólanum sem hefur þar með mikil áhrif á mótun þeirra. Skólakerfið verður því að gefa öllum börnum tækifæri til að þroska sjálfsmynd sína og læra að fullnægja þörfum sínum án þess að ganga á rétt annarra. Ábyrg hegðun er enn meiri nauðsyn nú á dögum þegar við ráðum yfir þekkingu sem getur haft grundvallaráhrif á afkomu alls mannkyns á skammri stundu. Skammtímasjónarmið geta oft verið freistandi en þá þarf að sýna ábyrgð og hugsa til framtíðar, gæta þess að skemma ekki möguleika þeirra sem á eftir koma hvort sem er í þróingu samhengi eða víðu.

Jóna Benediktsdóttir

Höfundur er kennari og bæjarfulltrúi á Ísafirði.

Menntun í sviðsljósinu í kosningabaráttu Baracks og Johns



Bandarísku forsetaframbjóðendurnir tókust á um menntun fyrr í september og hömuðust síðan við að láta búa til sjónvarpsauglýsingar sem ætlað var að leiða fólki fyrir sjónir hversu rýr málflutningur hvors um sig væri. John McCain heldur því fram að Barack Obama sé fangi stéttarfélaga kennara en sá síðarnefndi mótmælir því harðlega að hann sé í haldi.

Skólamenn gleðjast yfir því að menntun sé komin í sviðsljósið en hafa að sama skapi litla trú á að það vari lengi. Sjá nánar í Education Week, www.edweek.org

Fleiri konur en karlar við kennslu í framhaldsskólum

Konur eru nú fleiri en karlar meðal starfsmanna í framhaldsskólum, hvort heldur eru taldir allir starfsmenn eða einungis starfsmenn við kennslu.

Skólaárið 2007-2008 voru konur 57,7% allra starfsmanna í framhaldsskólum og 52,0% starfsmanna við kennslu. Þegar talin eru stöðugildi starfsmanna við kennslu kemur hins vegar í ljós að stöðugildi karla við kennslu eru 1.028 (51,8%) á móti 957 (48,2%) stöðugildum kvenna. Karlar vinna því fremur yfirvinnu en konur eru frekar í hlutastörfum. Þetta kemur fram í nýrri samantekt Hagstofu Íslands.

Í nóvember 2007 höfðu 78% starfsmanna við kennslu í framhaldsskólum kennsluréttindi en 22% voru án kennsluréttinda. Frá skólaárinu 2000 – 2001 hefur réttindakennurum fjölgað um tæp sjö prósent.

Sjá nánar frétt á vef Hagstofunnar, www.hagstofa.is

Ályktun frá Félagi stjórnenda í framhaldsskólum

Aðalfundur Félags stjórnenda í framhaldsskólum haldinn á Höfn í Hornafirði 5. júní 2008 lýsir þungum áhyggjum af stöðu samningamála. Fundurinn leggur áherslu á að samstarf FS og FF byggist á því að jafnt tillit sé tekið til sérhagsmuna félagsmanna beggja félaga.

Fundurinn krefst þess að kjör stjórnenda í framhaldsskólum verði bætt enda er það til hagsbóta fyrir allt skólasamfélagið.

Ritið Education at a glance kom út 9. september

Í mörgum OECD landanna er leitað leiða til að auka útgjöld til menntunar enda gerir almenningur æ meiri kröfur hvað þetta varðar. Sjá nánar á www.oecd.org



NORÐURÞING - RAUFARHÖFN

Kennsla á unglingastigi, félagsstörf með unglingum og íþróttapjálfun.

Ert þú grunnskólakennari, tómstundafræðingur eða íþróttapjálfi?

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur sérstakan áhuga á að vinna með unglingum. Viðkomandi þarf að búa yfir frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, vera skipulagður, stundvís og laginn í samskiptum. Öll aðstaða til kennslu, íþróttaiðkunar og félagsstarfs er mjög góð. Við bjóðum aðstoð við útvegum ódýrs húsnæðis og flutning búslóðar. Frekari upplýsingar veitir Jóhanna Dögg Stefánsdóttir skólastjóri í síma 695-7117 eða netfang: johanna@raufarhofn.is

Heimasíða grunnskólans er grunnskoli.raufarhofn.is

Norðurþing er öflugt sveitarfélag sem einkennist af fjölbreyttu mannlífi og miklum sköpunarkrafti manns og náttúru.

Myndlistarvörur í 30 ár!



Vandaðar myndlistarvörur fyrir listamenn og skólafólk.

Verið velkomin í

LITIR OG FÖNDUR

SMÍÐJUVEGI 4 • SÍMI 552 2500
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 12 og 16 • SÍMI 552 1412

www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Lausar stöður leikskólakennara við leikskóla Mosfellsbæjar

Kjör eru samkvæmt samningum Félags leikskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Leikskólar Mosfellsbæjar eru:

- **HLAÐHAMRAR**
Áherslur eru: Gæði í samskiptum og skapandi starf í anda Reggíó stefnunnar.
Upplýsingar veitir Sveinbjörg Davíðsdóttir skólastjóri í síma 566-6351
- **HLÍÐ**
Áherslur eru: Skapandi starf og gagnrýnin hugsun. Sérstök áhersla er á þróunarverkefnið „Börn og listmenning“.
Upplýsingar veitir Jóhanna S. Hermannsdóttir skólastjóri í síma 566-7375
- **HULDUBERG**
Áherslur eru: Umhverfismennt og umhverfisvernd „Græn stefna“.
Upplýsingar veitir Þuríður Stefánsdóttir skólastjóri í síma 586-8170
- **REYKJAKOT**
Reykjakot vinnur í anda Hjallastefnunarinnar.
Upplýsingar veitir Gyða Vigfúsdóttir skólastjóri í síma 566-8606
- **KRIKASKÓLI**
Skóli fyrir börn á aldrinum 1 - 9 ára. Skólaárið 2008-09 verða þó eingöngu börn á aldrinum 2ja - 5 ára. Leiðarljós Krikaskóla fyrsta árið er umhyggja og lýðræði.
Upplýsingar veitir Þrúður Hjelm skólastjóri í síma 578-3400
- **LEIKSKÓLADEILD Í VARMÁRSKÓLA**
Eingöngu fyrir 5 ára börn. Áhersla í starfi er samstarf og samkennsla leik- og grunnskólanemenda.
Upplýsingar veitir Steinunn Geirdal aðstoðarleikskólastjóri í síma 525-0700
- **LEIKSKÓLADEILD Í LÁGAFELLSSKÓLA**
Eingöngu fyrir 5 ára börn. Áhersla í starfi er samstarf og samkennsla leik- og grunnskólanemenda.
Upplýsingar veita Arna María Smáradóttir og Kristín Eyjólfsson aðstoðarleikskólastjórar í síma 525-9200

Mosfellsbær

Framsækið samfélag sem rættar vilja og virðingu

Ráðstefna um leikskólann 1. desember Tilkynning frá Félagi leik- skólakennara og RannUng



Stjórn Félags leikskólakennara ákvað á fundi sínum þann 6. ágúst síðastliðinn að leita til RannUng um samstarf við að halda ráðstefnu áður en árið 2008 líður hjá. Tílefnin eru mörg, svo sem ný lög um leikskóla og um menntun og ráðningu kennara. Sextíu ár eru liðin síðan fyrstu leikskólakennararnir útskrifuðust og tuttugu ár síðan stéttafélagið var stofnað. Það er því ærin ástæða til þess að staldra við og skoða hvar við erum stödd og hvernig við viljum halda áfram, stéttinni og leikskólanum til heilla.

Skipuð hefur verið undirbúningsnefnd og í henni sitja fyrir hönd Félags leikskólakennara Ingibjörg Kristleifsdóttir, Óluf Helga Pálmadóttir og Sesselja Hauksdóttir og frá Rannung þær Sigríður Sturludóttir og Kristín Karlsdóttir. Nefndin hefur haldið sinn fyrsta fund og ákveðið að blása til ráðstefnunnar þann 1. desember í húsnæði Menntavísindasviðs í Stakkahlíð. Einhugur er um að bjóða upp á vandaða og ögrandi fyrirlestra sem blása okkur metnaði í brjóst og koma á framfæri því nýjasta sem er að gerast í rannsóknum á menntun ungra barna með tilliti til hlutverks og fagmennsku kennarans.

Næsti fundur verður haldinn þann 27. ágúst og munum við senda fréttir jafnóðum og ramminn skýrist.

Takið frá 1. desember 2008

Kærar kveðjur, nefndin

Umsóknir um námslaun vegna framhaldsnáms skólaárið 2009-2010

Verkefna- og námsstyrkjasjóður Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands auglýsir eftir umsóknum félagsmanna í grunnskólum um námslaun vegna framhaldsnáms á skólaárinu 2009-2010.

Væntanlegir styrkþegar fá greidd laun á námsleyfistíma í allt að tólf mánuði eftir lengd náms.

Umsóknir berist til Verkefna- og námsstyrkjasjóðs FG og SÍ, Laufásvegi 81, 101 Reykjavík fyrir 1. okt. 2008. Eyðublað fást á skrifstofu sjóðsins og heimasíðu Kennarasambandsins www.ki.is

Nánari upplýsingar veita fulltrúar sjóðsins á skrifstofu Kennarasambandsins.

Saga kennara og nemenda í hundrað ár!



Væntanlegt er á næstunni veglegt rit í tveimur bindum um **Almenningsfræðslu á Íslandi 1880-2007**. Ritíð fjallar um menntun og skólalíf á Íslandi þar sem kennarar og nemendur eru í aðalhlutverki.

Fjallað er um uppbyggingu skólastarfs, hugmyndir, stefnur og strauma í skólamálum, sem sett eru í samhengi við samfélagsþróun á hverjum tíma, en aðalleikendurnir eru alltaf nemendur og kennarar. M.a. er fjallað um kennarastarfið og kennarastéttina, kaup hennar og kjör, mynd og sjálfsmynd.

Ritíð hefur að geyma fjölda fágætra mynda úr skólalífi í landinu frá upphafi til þessa dags.

Ritstjóri er Loftur Guttormsson og útgefandi er Kennaraháskóli Íslands.

Ritíð fæst á tilboðsverði til 5. október n.k., sjá neðan.

Glæsilegt áskriftartilboð: kr. 9.900 (fullt verð kr. 14.900).

Skráning á <http://srr.khi.is> eða í síma 525 5981 fyrir 5. október.

Um leið er hægt að skrá sig á heillaóskaskrá sem birt verður í bókinni.

Skólastjórnun og breytingar í kjölfar nýrra laga eru til umræðu ásamt fleiru á námstefnu SÍ



Námstefna og ársfundur Skólastjórafélags Íslands verða haldin í Brekkuskóla á Akureyri föstudaginn 10. og laugardaginn 11. október nk. Aðalfyrirlesari á föstudeginum verður Gunnar Einarsson bæjarstjóri í Garðabæ sem er nýbúinn að verja doktorsritgerð sína við Háskólann í Reading á Englandi. Doktorsritgerð Gunnars fjallar um skólastjórnun. Gunnar mun skipta fyrirlestri sínum upp og verður hópavinna og umræður inn á milli þátta. Á föstudeginum kemur einnig fulltrúi frá Menntamálaráðuneytinu, Guðni Olgeirsson, og verður hann með hugleiðingu um breytingar í kjölfar nýrra grunnskólalaga. Á föstudagskvöldinu verður hátíðarkvöldverður á Hótel KEA og verður dagskráin í umsjón heimamanna þ.e. félaga í FSNE.

Á laugardegi hefst dagskráin kl. 9:30 á

erindi Hrannar Pétursdóttur verkefnisstjóra en hún stýrði samstarfi Samband ísl. sveitarfélaga og KÍ (FG/SÍ) um mörkun sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007 – 2020.

Að þessum dagskrárlíð loknum verður haldinn ársfundur Skólastjórafélags Íslands fyrir árið 2008, en hann ber að halda þau ár sem aðalfundur er ekki haldinn.

Umsjón með skráningu og uppgjöri er hjá Congress Reykjavík. Tengiliður þar er Ingibjörg Hjálmsfríðardóttir, sími 585 3900, fax 585 3901 og tölvupóstur imma@congress.is

Miðað er við að skráningu ljúki

25. september nk.

Skráningarblað er rafrænt á heimasíðunni hjá Congress www.congress.is og www.ki.is

Námskeið fyrir trúnaðarmenn FL



Í október verða haldin námskeið fyrir trúnaðarmenn í Félagi leikskólakennara.

Námskeiðin verða sex talsins. Þar af eru tvö sem eingöngu eru ætluð nýliðum í hópi trúnaðarmanna, þ.e. þeim sem hafa ekki sótt nýliðanámskeið. Umsjón með dagskrá/innihaldi námskeiðanna er í höndum stjórnar FL. Meðal annars mun María Ellingsen ráðgjafi hjá Capacent halda fyrirlestur um framkomu og tjáningu.

Nýliðan námskeiðin tvö verða haldin á Akureyri miðvikudaginn 1. október fyrir 5. 6. og 7. svæðadeildir og í Reykjavík mánudaginn 6. október fyrir 1., 2., 3., 4., 8., 9., og 10. svæðadeildir.

Nánari staðsetning verður gefin út síðar.

Ingibjörg Kristleifsdóttir tekur við skráningum á inga@ki.is.

Námskeiðin fjögur sem ætluð eru öllum trúnaðarmönnum (líka nýliðum) verða haldin sem hér segir:

- Á Akureyri fimmtudaginn 2. október fyrir 5., 6., og 7. svæðadeildir.
- Á Selfossi þriðjudaginn 7. október fyrir alla trúnaðarmenn í 8. og 9. svæðadeildum.
- Í Reykjavík miðvikudaginn 15. október fyrir alla trúnaðarmenn í 1. svæðadeild.
- Á Akranesi þriðjudaginn 21. október fyrir alla trúnaðarmenn í 2., 3., og 4. svæðadeildum.



Hlý og falleg ullarföt á
alla fjölskylduna!


Frábært úrval!
Gott verð!

**Nýjar
vörur
á börn!**

JANUS **Janusbúðin**

Barónstíg 3, 101 Reykjavík & Hafnarstrati 59-101, 100 Akureyri
s. 552-7499, fax. 552-7499 s. 461-3006, fax. 461-3007

www.janusbudin.is



Greiningar- og
ráðgjafarstöðvar ríkisins

NÁMSKEIÐ HAUST 2008

Fræðslunámskeið Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins eru m.a. ætluð þeim sem vinna með börnum með þroskaraskanir í leik- og grunnskólum og eru jafnframt opin aðstandendum. Námskeiðin eru bæði fræðileg og hagnýt.

Meðal námskeiða í boði á haustmisseri eru:

- Ráðagóðir kennarar.
- Einhverfa og aðrar raskanir á einhverfurófi.
- Skipulögð kennsla, byggð á hugmyndafræði TEACCH.
- Leikur og félagsfærni, grunnnámskeið.
- Atferlispjálfun fyrir börn með einhverfu.
- Tákni með tali, grunnnámskeið.
- Börn með hreyfihömlun – leiðir að betri hegðun og líðan.
- Aspergersheilkenni og svipaðar raskanir á einhverfurófi.
- Börn með þroskafrávik - nám, hegðun og félagsleg þátttaka í grunnskóla.

Ráðstefna um einhverfu
Að vera á einhverfurófinu - Skólinn og samfélagið
Kennaraháskóla Íslands, 10. október 2008, kl. 9:00-16:00

Nánari upplýsingar og skráning er á www.greining.is



Við erum klár

fyrir þig/ykkur

Margir frábærir réttir á matseðlinum hjá okkur

...við bjóðum upp á frábæra aðstöðu til að halda afmæli, einka-, starfsmanna- og steggjapartý eða hvað sem þér dettur í hug...

keila pool leiktæki
diskókeila
karoké golfhermir
beinur útsendingar
hádegismatur kvöldmat

gæspartý
einkasamkvæmi
barnaafmæli
fyrirtækjapartý
steggjapartý
skólahópar

KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR
AF SKEMMTUN

Sport Rock

Keiluhöllin ehf. • Flugvallarvegi • Sími 511 5300 • Fax 511 5301 • www.keiluhollin.is • www.golfhermir.is



...ALBA

Gistiheimili

Orlofsávísanir KÍ gilda hjá okkur

Í miðri Reykjavík

www.alba.is
Eskihlíð 3 • 105 Reykjavík
stay@alba.is • Sími 552 9800

LISTIN AÐ LÆRA Árlegt málþing Mennta- vísindasviðs HÍ (áður KHÍ)


Dagana 23. og 24. október verður haldið árlegt málþing menntavísindasviðs í húsnæði Kennaraháskólans við Stakkahlíð undir yfirskriftinni **LISTIN AÐ LÆRA**. Á þinginu verður rík áhersla lögð á mikilvægi sköpunar í bæði námi og kennslu. Aðalfyrirlesari er Anne Bamford sem hefur meðal annars gefið út hina ágætu bók *The Wow Factor* þar sem fjallað er um samtvinnun lista og menntunar. Herdís Egilsdóttir, Oddný Sturludóttir, Gunnar Hersveinn og fleiri góðir halda einnig erindi, auk þess er boðið upp á málstofur og music, veitingar og hringborðsumræður.

Þetta er tólfta málþingið um rannsóknir, nýbreytni og þróun sem haldið er að tilstuðlan Menntavísindasviðs HÍ (áður KHÍ) í samráði við Menntamálaráðuneyti, Kennarasamband Íslands, Mennta- og leikskólasvið Reykjavíkurborgar, Grunnsamtök skólaskrifstofa, Heimili og skóla, Félag framhaldsskóla og Þroskajálfafélag Íslands.

Málþingið stendur yfir frá kl. 14-17 báða dagana (fimmtudag og föstudag).

Hér er hægt að skrá sig til þátttöku: rannsokn.khi.is/malthing2/skraning.aspx
Sjá nánar á www.ki.is

Námstækni eldri nemenda með ADHD



Út er komin námstækniþýð, skrifuð um nám og námstækni fyrir einstaklinga með ADHD. Höfundar eru Sigrún Harðardóttir félagsráðgjafi og Tinna Halldórsdóttir félagsfræðingur en þær hafa unnið að þróun stuðningsúrræða fyrir nemendur með ADHD og aðrar sértækar námsraskanir innan framhaldsskóla.

Bókin getur einnig nýst nemendum í eldri bekkjum grunnskóla.

Hægt er að nálgast bókina á skrifstofu ADHD samtakann eða hjá höfundum: [Sigrún sih18@hi.is](mailto:Sigrun.sih18@hi.is) og Tinna tinna@hi.is, www.adhdbok.bloggland.is.

Franska kennara og nemendur vantar fjölskyldur að búa hjá í skólaheimsókn

Okkur barst eftirfarandi bréf frá frönskum kennara á unglingastigi. Gæti vakið áhuga til dæmis hjá kennurum og stjórnendum í skólum þar sem franska er kennd í vali.



Bréfið er svohljóðandi:

I plan to organise a trip to Iceland in May 2009, with a group of my pupils aged 14 (22 pupils +2 teachers : One teacher of physics one of English). We'd like to visit, as well as stay with, families who would accept to accommodate us in Reykjavik, if possible. We'd probably arrive on a Monday and leave the following saturday. Hoping you can help me, I thank you in advance and please write me back for any questions or information!

Sincerely yours, Mrs. Pointereau.

Og netfangið er: e-pointereau@wanadoo.fr

Munið eftir Netlu, netla.khi.is



Greinar um skóla og menntun sem bragð er að. Eina íslenska veftímaritið í þessum málaflokk. Margar nýjar og spennandi greinar á leiðinni. Leikskóli, grunnskóli og framhaldsskóli, stjórnun og sérkennsla, skólasaga og menntapólitík, faggreinar og fjölmennning, stuðningur við kennara og góðar hugmyndir.

Munið eftir Netlu, netla.khi.is
Kennarar lesa Netlu

Ertu að fara í launalaust leyfi? Áttu rétt á að vera áfram félagi í KÍ?

Svona ferðu að því að sækja um félagsaðild í launalaus leyfi:

Sækja þarf um formlega til stjórnar KÍ. Greiða þarf gjald skv. ákvörðun stjórnar.

Til að umsókn sé tekin til greina:

Viðkomandi þarf að vera í námi og má ekki stunda aðra vinnu með tilheyrandi réttindum.

Ef umsókn er samþykkt:

Viðkomandi verður fullgildur félagsmaður í KÍ.

Vetrarleiga Orlofssjóðs KÍ Margt er í boði á vegum Orlofssjóðs KÍ í vetur:

Eignir KÍ

- Sóleyjargata 33 Reykjavík, 4 íbúðir og 5 herbergi
- Sóleyjargata 25 Reykjavík, 6 íbúðir
- Ásabyggð við Flúðir, 12 orlofshús með heitum potti (Hús 32 og 33 eru ný hús)
- Heiðarbyggð við Flúðir, 10 orlofshús með heitum potti
- Kjarnabyggð við Akureyri, 2 lítil og 2 stór orlofshús með heitum potti

Endurleiguhús

- Akureyri Hafnarstræti 81, þrjár 2ja herbergja íbúðir
- Akureyri Hrísalundur 18F, 2ja herbergja íbúð
- Akureyri Mýrartún 18, 4ja herbergja íbúð
- Akureyri Búðargil 5, glæsilegt nýtt orlofshús með heitum potti.

Hótel á Akureyri í vetur

Orlofssjóður hefur gert samning við Hótel KEA, Hótel Hörpu og Hótel Norðurland



um niðurgreidda leigu í vetur. Gisting fyrir tvo með morgunmat kostar frá 7.200.- til 8.700.-

Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu Orlofssjóðs www.ki.is/Forsida/Orlofssjodur

Kær kveðja,

Valgeir Gestsson formaður Orlofssjóðs KÍ



Samband íslenskra sveitarfélaga Grunnskólakennarar – skólastjórnendur

Umsóknarfrestur um námsleyfi grunnskólakennara og stjórnenda grunnskóla fyrir skólaárið 2009-2010 er til og með **10. október 2008**.

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að við úthlutun verði sett í forgang nám sem tengist kennslu í:

- **íslensku,**
- **íþróttum og heilsufræði**
- **náttúrufræði og umhverfismennt**

Skal allt að 1/3 námsleyfa úthlutað vegna þessa.

Umsækjandi, sem æskir námsleyfis, skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum og skuldbindingum, sbr. reglur Námsleyfasjóðs:

- Hafa gegnt kennslustarfi í 10 ár samtals, í eigi minna en hálfu starfi, og verið í starfi sl. fjögur ár.
- Vera fastráðinn starfsmaður sveitarfélags eða aðila sem stofnað er til með samstarfi sveitarfélaga og taka laun samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna grunnskólans.
- Ljúka 30 eininga háskólanámi (60 ECTS) eða sambærilegu námi, miðað við 1/1 námsleyfi, og skal námið miða að því að nýttast viðkomandi í því starfi sem hann er ráðinn til að sinna.
- Skuldbindi sig til að starfa að kennslu við grunnskóla eða að öðrum skólum í þágu sveitarfélaga í a.m.k. þrjú ár að námsleyfi loknu.
- Senda Námsleyfasjóði skýrslu um störf sín og nám í námsleyfi innan fjögurra mánaða frá því að námsleyfi lauk. Skýrslan skal miðuð við að unnt sé að birta hana síðar og áskilur Námsleyfasjóður sér rétt til þess.
- Enginn getur fengið hærri fjárhæð í námsleyfi en sem nemur tveggja ára föstum launum á starfsævi viðkomandi.
- Laun í námsleyfi miðast við starfshlutfall námsleyfisþega næsta ár áður en námsleyfi hefst eða meðaltal síðustu þriggja ára ef það er hærra.

Umsóknum skal skilað til Sambands íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30, Reykjavík fyrir **10. október 2008** á eyðublaðum sem þar fást og gilda fyrir skólaárið 2009-2010. Umsóknareyðublaðið er einnig hægt að nálgast á heimasíðu sambandsins. Þar er einnig að finna reglur sjóðsins sem umsækjendum er bent á kynna sér. Veffang: www.samband.is -> Skólamálið -> Námsleyfasjóður

Leikskólar stúðenta



Leitum að deildar- stjórum, leikskóla- kennurum og öðru fagfólki

Nú eru spennandi tímar hjá Leikskólum stúðenta því verið er að innleiða sameiginlega námsstefnu skólanna í anda High/Scope stefnunnar. Við leitum að fagfólki sem hefur áhuga á að taka þátt í metnaðarfullu frumkvöðlastarfi. Mun starfsfólki gefast kostur á að sækja námskeið í höfuðstöðvum High/Scope í Bandaríkjunum. Taktu þátt í mótun nýrrar stefnu fyrir leikskóla barna á aldrinum sex mánaða til tveggja ára (Sólgarður og Leikgarður) og tveggja til sex ára (Mánagarður).

Nánari upplýsingar veitir:
Sigríður Stephensen,
netfang sigridur@fs.is, s. 5 700 700

Félagsstofnun stúðenta er sjálfseignarstofnun með sjálfstæða fjárhagsábyrgð. Að henni standa stúdentar við Háskóla Íslands, HÍ og menntamálaráðuneytið. Auk Leikskóla rekur FS Bóksölu stúðenta, Stúdentagarða, Kaffistofur stúðenta, Stúdentamiðlun og Hámu. Starfsmenn FS eru um 120 talsins.

Félagsstofnun stúðenta á og rekur leikskóla fyrir börn stúðenta við Háskóla Íslands.

Leikskólarnir eru Leikgarður, Mánagarður og Sólgarður. FS er með virka starfsmannastefnu. Starfsfólk leikskólanna nýtur sömu kjara og starfsfólk almennra leikskóla og að auki sömu hlunninda og annað starfsfólk FS. Í skólunum stendur nú yfir vinna við að innleiða High/Scope-stefnuna sem leggur ríka áherslu á virkt nám.



Deildarstjóri óskast við leikskólann Glaðheima Bolungarvík

Laus er staða **deildarstjóra** á deild fyrir 2-4 ára börn frá og með 1. október 2008.

Leikskólinn Glaðheimar er 3ja deilda skóli með börn frá 1-6 ára. Mikil áhersla er lögð á lífsleikni og útiveru.

Heimasíða skólans er www.leikskolinn.is/gladheimar

Leikskólakennaramenntun er æskileg, en sæki enginn um með leikskólakennaramenntun verður ráðið í stöðuna með tilliti til menntunar og fyrri starfsreynslu.

Nánari upplýsingar veitir **Ragnheiður** leikskólastjóri í síma **456-7264** eða á netfangið gladh@bolungarvik.is.

Hvernig nýtist MindManager í skólastarfi?



G. Dögg Gunnarsdóttir

Hvað ef veröldin væri svarthvít? Væri ekki munur að sjá hana í lit? Munurinn á þessu tvennu er að mati höfundar svipaður og ef bornar eru saman upplýsingar sem settar eru fram á línulegan hátt eins og þekkist mjög víða í skólakerfinu, löngum, þéttum textabálkum, og á myndrænan hátt í hugkorti!

MindManager® hugbúnaðurinn sem byggir á hugmyndum um hugkort er einn sá öflugasti sem þekkist í heiminum á þessu sviði. Á undanförunum árum hafa æ fleiri skólafstofnanir hér á landi tekið hugbúnaðinn í notkun á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Þess má geta að í nóvember síðastliðnum var gerður samningur við Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands um aðgang nemenda og starfsfólks að hugbúnaðinum. Í skólastarfi nýtist MindManager skólastjórnendum, kennurum og ekki síst nemendum á margvíslegan hátt.

Skólastjórnendur og kennarar

Skólastjórnendur og kennarar eiga kost á að nýta MindManager á mjög fjölbreyttan hátt í daglegum störfum. Sem dæmi má nefna skipulagningu skólastarfs; við undirbúning og stjórnun kennarafunda; í starfsmannasamtölum, skýrslugerð ýmis- konar og útdelingu verkefna svo eitthvað sé nefnt. Hugbúnaðurinn gefur kennurum kost á að setja námsefnið myndræna fram fyrir nemendur og auka þannig skilning þeirra á viðfangsefninu. Einnig gefst kennurum kostur á að nýta MindManager við undirbúning námskeiða og kennslustunda, í kennslustund, við námsefnisgerð og ekki síst til þess að auka skilning nemenda á námsefninu, bæði í framsetningu námsefnis sem og í kennslunni sjálfri.

Nemendur

Hugbúnaðurinn auðveldar flokkun efnis til muna og geta nemendur áttað sig á umfangi og efnisskiptingu með því einu að gjóa augunum á hugkort í stað þess að lesa í gegnum lengri texta. MindManager nýtist

Kennurum sem nota forritið MindManager fjölgar jafnt og þétt og almenn ánægja virðist vera með þennan hugbúnað. En hvað er svo nánalegt við hann? Skólavardan fékk Dögg Gunnarsdóttur grunnskólakennara og starfsmann hjá Verkefnalausnum til að segja lesendum frá forritinu sem hún hefur svo mikla trú á að hún söðlaði um og fór að selja það.



Hugbúnaðurinn auðveldar flokkun efnis til muna og geta nemendur áttað sig á umfangi og efnisskiptingu með því einu að gjóa augunum á hugkort í stað þess að lesa í gegnum lengri texta.

nemendum til að mynda við skipulagningu, glóssugerð, verkefnavinnu, ritgerðasmíð og hópverkefni. Nemendur geta einnig unnið allar ritgerðir og heimaverkefni með hugbúnaðinum og á mjög auðveldan hátt flutt hugkort yfir í ritvinnsluforrit (Word) þar sem kortið myndar samfelldan texta áður en skilað er. Þegar kemur að próflesti er hugbúnaðurinn einstakt tæki til að greina aðalatriði frá aukaatriðum.

MindManager í sérkennslu

Hin myndræna framsetning nýtist ekki síst einstaklingum með lesblindu, ADHD og aðrar raskanir. Sífellt fleiri sérkennarar nýta hugbúnaðinn í starfi með nemendum. Að sjá hlutina á myndrænan og einfaldan hátt, með mismunandi litum og táknum, hjálpar nemendum að skilja, greina og muna hluti á mun auðveldari hátt og síðast en ekki síst að sjá heildarmyndina.

MindManager í skólastarfi – ráðstefna þann 27. október.

Þann 27. október næstkomandi stendur starfsfólk Verkefnalausna fyrir hálf dags ráðstefnu um MindManager í skólastarfi. Þar munu skólastjórnendur, kennarar og nemendur lýsa reynslu sinni af notkun MindManager í störfum sínum. Þá er til-

gangur ráðstefnunnar einnig að skapa vettvang fyrir skólamenn á öllum stigum til að skiptast á skoðunum og bera saman bækur sínar. Skráning og nánari upplýsingar um dagskrá er að finna á vef Verkefnalausna www.verkefnalausnir.is og í síma 565 7272.

Í störfum mínum sem grunnskólakennari frá 2000-2005 man ég glöggst hve oft ég teiknaði hugkort á töfluna til útskýringar fyrir nemendur. Í þá daga var ég grunlaus um tilvist hugbúnaðarins. Nú nota ég hann við alla skipulagningu, bæði í leik og starfi. Ég gæti vart ímyndað mér lífið án MindManager og veit ekki hvernig ég fór að áður.

Að lokum læt ég ummæli Ragnheiðar Eiríksdóttur nýsköpunar- og þróunarstjóra hjá Bandalagi háskólamanna standa:

Einu sinni fyrir löngu löngu lærði ég að lesa, það var talsvert stökk í því að skilja heiminn. Núna er ég búin að læra á MindManager, stökkið var svipað en nýst að þessu sinni um afköst og vinnubrögð.

G. Dögg Gunnarsdóttir

Höfundur er grunnskólakennari og meistari í mannauðsstjórnun. Hún starfar hjá Verkefnalausnum sem annast sölu og þjónustu á hugbúnaðinum MindManager, ásamt því að standa fyrir þjálfun og námskeiðum í notkun hans.

Námskeið um millimenningarfræðslu

Hulda Karen Daniëlsdóttir, kennsluráðgjafi á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða býður í haust og næsta vetur upp á smíðju í Intercultural Education sem þýða má sem fjölmennningarleg kennsla eða millimenningarfræðsla. Smíðjan gengur út á að vekja þátttakendur til vitundar um mikilvægi jákvæðra, innihalds- og árangursríkra samskipta við einstaklinga sem tilheyra mismunandi samfélagshópum. Hægt er að senda Huldu Karen fyrirspurn um námskeið á netfangið hulda.karen.danielsdottir@reykjavik.is

Námsefni í mál- og hreyfipjálfun á vef

Fyrir allmörgum árum var gefin út bókinn Námsefni í Mál- og hreyfipjálfun fyrir 1. - 7. bekk. Námsefnið var unnið í Sandvíkurskóla með styrk frá Vonarsjóði KÍ og þróunarsjóði Árborgar. Minningarsjóður Sveins Mås styrkti útgáfu bókarinnar. Bókin er löngu uppseld en stöðugt er spurt um hana og höfundar hafa nú ákveðið að setja hana á vefinn. Slóðin er: <http://www.sunnulaekjarskoli.is/maloghr/>

Styrkir- Menningaráætlun ESB

Næsti skilafrestur fyrir umsóknir til Menningaráætlunar Evrópusambandsins er 1. október. Menningaráætlun Evrópusambandsins veitir styrki til verkefna í öllum listgreinum og á sviði menningararfleifðar auk þess að styrkja starfsemi evrópskra tengslaneta og menningarstofnana.

Nánari upplýsingar og tengingar á umsóknar-eyðublöð ofl. eru á vefsíðu Upplýsingaþjónustu Menningaráætlunar ESB www.evropumenning.is

Kynningar og fræðslufundir um fjölmennningarlegt leikskólastarf

Í byrjun október verða haldnir kynningar- og fræðslufundir um fjölmennningarlegt leikskólastarf fyrir starfsfólk leikskóla. Á fundunum mun Fríða B. Jónsdóttir frá leikskólaskrifstofu kynna sig og sitt starf en hún er verkefnastjóri í málefnum barna af erlendum uppruna. Auk þess mun hún kynna Fjölmennningarvefinn www.allirmed.is og ræða um fjölmennningarlegt leikskólastarf. Allir eru velkomnir en sérstaklega er hvatt til

þess að þeir sem hafa umsjón með málefnum barna af erlendum uppruna í leikskólum hverfanna mæti á fundina. Fríða er með netfangið frida.b.jonsdottir@reykjavik.is

Fundirnir verða haldnir sem hér segir:

Miðvikudaginn 1. október kl. 9:00-11:00 í Vesturgarði.

Föstudaginn 3. október kl. 9:00-11:00 í Miðgarði.

Rafknúin reiðhjól á Umhverfis- og samgöngusviði

Rafknúin reiðhjól eru nýjasta farartækið á Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar. Í frétt frá sviðinu segir meðal annars: „Við viljum að starfsmenn sviðsins geti verið öðrum góð fyrirmynd í samgöngumálum,“ segir Ellý Katrín Guðmundsdóttir sviðsstýra. Sviðið leigir nokkra vishæfa bíla og fyrir tveimur árum voru keypt reiðhjól handa starfsmönnum til að fara í styttri ferðir í vinnunni. „Nú kaupum við rafknúin reiðhjól sem gera okkur kleift að fara lengri ferðir án þess að valda mengun,“ segir Ellý. Hægt er að smella rafhlöðunni af reiðhjólinu og setja hana í hleðslu og hefur hún reynst mjög endingargóð. Reiðhjólin eru einnig létt og meðfærileg eins og venjuleg hjól. „Orkuseturt benti okkur á nýja gerð rafhlaðna í reiðhjólum, lithium, og við ákváðum að vera í samfloti með þeim og taka nokkur slík í gagnið,“ segir hún. Um þessar mundir er unnið að samgöngustefnu fyrir starfsmenn



Reykjavíkurborgar sem felst í því að draga úr mengun af völdum samgangna og eru rafknúin reiðhjól því góður liðsaki. Rafhlaðan dugar 50 km að meðaltali og hjálparmótorinn getur knúið hjólið í 25 km hraða. Frekari upplýsingar veitir Pálmi Freyr Randversson: s. 693 2947.

Múlalundur – í þágu endurhæfingar



MÚLALUNDUR

Múlalundur - vinnustofa SÍBS · Hátúni 10c · Sími: 562-8500 · www.mulalundur.is

Alpjóðadagur kennara 2008


„Á hverjum degi á sér stað alþjóðlega framtíð nám og kennsla í milljónum skólastofa. Sú gjöf sem við köllum læsi er flutt frá einni kynslóð til annarrar ásamt ást á lærdómi og þorsta í þekkingu. Þegar fólk deilir þekkingu sinni hvert með öðru öðlast það færni og líf þess breytist til batnaðar.“

Inngangur að umfjöllun um Alpjóðadag kennara 5. október á vef *Education International*.

Að forgöngu UNESCO er 5. október sérstaklega helgaður kennurum. Alpjóðadagur kennara er haldinn hátíðlegur í yfir 100 löndum. Þennan dag nota kennarar samtakamátt sinn til að tryggja að hugað sé að þörfum barna fyrir menntun í nútíð og framtíð. Um leið er 5. október táknið þess að við kunnum að meta mikilsvert framlag kennara til menntunar, framþróunar samfélaga og þroskunar einstaklinga.

Enn skortir átján milljónir kennara á heimsvísu til að allir geti notið almennrar grunnmenntunar, en því marki hefur heimsbyggðin einsett sér að vera búin að ná árið 2015. Kennaraskortur er stærsta hindrunin í veginum fyrir því að ná settu marki. Allir vita að kennarar skipta máli og hér á Íslandi vorum við að fá ný lög um kennaramenntun sem við vonum öll að verði með öðru til að fjölga kennurum og styðja við starf þeirra.

Daginn 5. október er vert að taka frá og halda hátíðlegan með einhverjum hætti. Hugmyndir og upplýsingar, ásamt veggspjöldum og fleira efni, er að finna á vef *Education International*, slóðin er www.ei-ie.org/worldteachersday2008/



Ráðstefnur og aðrir viðburðir á næstunni

■ 24. -25. september: Haustnámskeið á vegum félagsins Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga

Sjálfstjórn I (Control Theory W. Glasser). Námskeiðið er haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugum í Reykjavík. Leiðbeinandi Judy Anderson. Einkum fjallað um eðli og ástæður mannglegrar hegðunar samkvæmt líkani Williams Glasser, en jafnframt tengt við hagnýtingu þeirrar þekkingar við uppstokkun agamála í skólum. Skráning á námskeið á vegum félagsins: jonaben@simnet.is

Akureyri 26. september 2008. Ráðstefnan er ætluð kennurum og stjórnendum í skólum.

■ 26. - 27. september: Námsstefna Flatar

Námsstefna Flatar verður haldin dagana 26. – 27. september n.k. á Hótel Selfossi. Námsstefnan er opin öllum áhugamönnum um stærðfræðikennslu á öllum skólastigum. Fjöldi áhugaverðra fyrirlestra eru í boði ásamt kynningum á námsefni og kennslugögnum. Nánari upplýsingar: flotur.ismennt.is

ætlað starfsmönnum sem hafa það hlutverk að auðvelda innleiðingu í skólum og uppeldisstofnunum.

■ 25. og 26. September: ADHD ráðstefna

Þema ráðstefnunnar er annars vegar skólaganga barna með ADHD og hins vegar fullorðnir með ADHD. Við val á fyrirlesurum var tekið mið af þessum áherslum.

Aðalfyrirlesarar:

Thomas E. Brown Ph.D

www.drthomasebrown.com

Kathleen Nadeau Ph.D

www.addvance.com

Sandra Rief M.A.

<http://www.sandrarief.com/>

■ 27. september: Haustnámskeið á vegum félagsins Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga

Uppbygging I (Restitution I). Námskeiðið er haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugum í Reykjavík. Leiðbeinandi Judy Anderson. Sérstaklega hugað fyrir starfsfólk leikskóla. Fjallað verður um hvernig leikskólar geta nýtt sér aðferðir og hugmyndir Uppbyggingar í samskiptum og ráðgjöf.

■ 6. október: Málstofa SÍS um skólamál – Náum betri árangri

Málstofa Sambands íslenskra sveitarfélaga um skólamál verður haldin í Skriðu, Menntavísindasviði Háskóla Íslands (áður Kennaraháskólinn) v/Stakkahlíð og stendur yfir frá kl. 9:00-15:00

■ 8.-10. október: Evrópsk ráðstefna um heilsu skólabarna, haldin í Reykjavík

Árleg ráðstefna European Society for Social Paediatrics and Child Health (ESSOP) verður haldin á Grand Hótel Reykjavík 8. til 10. október nk. Þema ráðstefnunnar að þessu sinni er Health of School-Age Children.

■ 10. október: Að vaxa upp á einhverfurófinu – skólinn og samfélagið

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins stendur fyrir ráðstefnu um einhverfu í Kennaraháskóla Íslands.

Fjallað um möguleika skóla án aðgreiningar til að mæta þörfum nemenda á einhverfurófi. Ráðstefnan er ætluð stjórnendum skóla, grunn- og framhaldsskólakennurum, þroskabjálfum, stuðningsfulltrúum, ráðgjöfum sveitafélaga, foreldrum og öðrum sem hafa áhuga.

■ 26. september: Svæðisþing tónlistarskóla fyrir Suðurland, Suðurnes og höfuðborgarsvæðið

Svæðisþingið verður haldið í Reykjavík. Svæðisþing tónlistarskóla eru haldin í sjötta sinn haustið 2008 í samstarfi FT, FÍH og STS. Svæðisþing fyrir Vesturland og Vestfirði var haldið 5. september sl. á Ísafirði og fyrir Norður- og Austurland 12. september sl. á Mývatni.

■ 29. september: Námsstefna um fjölskyldu-miðaða þjónustu: Frá fræðum til framkvæmda

Námsstefnan er haldin á vegum Æfingastöðvar SLF og fjallar um þjónustu við börn með sérþarfið og fjölskyldur þeirra. Hún fer fram á Hilton Reykjavík Nordica. Aðalfyrirlesari er Dr. John La Porta, framkvæmdastjóri Thames Valley Children's Centre í suðvestur Ontario í Kanada. Sjá nánar á www.slf.is

■ 26. september: Ráðstefna um menntamál - samræða allra skólastiga, haldin á Akureyri

Ný lög - ný tækifæri, ráðstefna um menntamál verður haldin í Íþróttahöllinni á

■ 2. október: Haustnámskeið á vegum félagsins Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga

Verkefnisstjóri (Facilitator). Námskeiðið er haldið að Eyvindarholti á Álftanesi. Leiðbeinandi Judy Anderson. Sérstaklega





Betra líf


BYR
NÁMSMENN

Þú finnur sparisögur Palla á byr.is



Fjárhagsleg heilsa er betra líf



Almenningafræðsla á Íslandi 1880-2007

Áskriftartilboð og skráning í tabula gratulatoria

Áskrifendur fá ritið á kr. 9.900

Fullt verð kr. 14.900



Skráning í síma 525 5980
eða á <http://srr.khi.is>

